

# MÚR BÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

# Grafarvogsblaðið

12. tbl. 34. árg. 2023 desember

Dreift ókeypis í öll hús í Grafarvogi



Ódýri Ísinn

Gullnesti



Gleðileg jól!

Aðventuhátíð var í Grafarvogskirkju á fyrsta sunnudegi í aðventu. Gerður Kristný Guðjónsdóttir, rithöfundur og skáld flutti hugvekju og allir kórar kirkjunnar sungu. Kveikt var á fyrsta aðventukertinu, Spámannakertinu og fermingabörn næsta árs tóku þátt. Sjá nánar á bls. 20 og 21

Graenir skátar

## Endurvinnslumóttakan er opin alla daga hjá skátunum í Hraunbæ

Móttaka Endurvinnslunnar er opin alla daga vikunnar. Við tökum vel á móti þér. Graenir skátar styðja við ungmennastarf í samfélaginu. Munið eftir nýja endurvinnsluappinu

Greiddar eru 20 kr. fyrir eininguna



Opnunartíminn okkar er:

Vikrir dagar kl. 9-18  
Helgar kl. 12-16:30

Endurvinnslumóttakan Hraunbæ 123 . 110 Reykjavík

FASTEIGNA  
MIÐLUN  
GRAFARVOGS

FASTEIGNAMIÐLUN  
GRAFARVOGS

FASTEIGNA-  
SALAN  
Í ÞÍNU HVERFI

Spöngin 11  
112 Reykjavík  
Sími 575 8585

[www.fmg.is](http://www.fmg.is)



Bifreiðaverkstæði  
Grafarvogs

Allar almennar  
bílaviðgerðir

Gylfaflöt 24 - 30 • 112 Reykjavík  
Sími 577 4477

[www.bilavidgerdir.is](http://www.bilavidgerdir.is)

Þjónustuaðili



SSANGYONG



CHEVROLET



HAFID  
FISKVERSLUN

- Gæðin skipta mátt -

Spönginni 13  
112 Reykjavík

TILBOÐ

Jóla humar á 14.900 kr kg



PIPAR Bragðgott PIPAR  
EKTA STEINBÍTUR EKTA STEINBÍTUR  
VEISLA GRILLA VEISLA GRILLA  
ANGA EKTA  
VEISLA

# Grafarvogsblaðið

Útgefandi: Skrautas ehf. Netfang: [gv@skrautas.is](mailto:gv@skrautas.is)

Ritstjóri og ábm.: Stefán Kristjánsson.

Netfang Grafarvogsblaðsins: [gv@skrautas.is](mailto:gv@skrautas.is)

Ritstjórn og auglýsingar: Símar 698-2844 og 699-1322.

Útlit og hönnun: Skrautas ehf.

Auglýsingar: 698-2844 - 699-1322 - [gv@skrautas.is](mailto:gv@skrautas.is)

Prentun: Landsprent ehf.

Ljósmyndari: Katrín J. Björgvinsdóttir og fleiri.

Dreifing: Póstdreifing.

Grafarvogsblaðinu er dreift ókeypis í öll íbúðarhús í Grafarvogi.

Einnig í Bryggjuhverfi.

## Gleðileg jól og farsælt nýár

Það er algengt að fólk hugsi til liðinna stunda þegar liða tekur að áramótum. Árið sem senn er liðið mun aldrei koma til baka og sem betur fer segja margir.

Margir hafa átt erfitt á árinu. Grindvíkingar eru þar ekki einir á báti. Fjöldi þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman um hver mánaðamót eykst linnulítið og útlitið er ekkert alltof bjart.

Síðustu vikur hafa verið erfiðar fyrir fréttafikla landsins. Helmingur allra fréttatíma hefur verið lagður undir Grindavík og Gaza og í restina fylgt með ein og ein önnur frétt, svona rétt til að fylla fréttatímanna. Vissulega þarf að greina frá fréttum af málefnum Grindvíkinga en fyrr má nú aldeilis fyrrvera. Og svo er það þessi endalausí fréttafloppur frá Gaza. Staðan þar er hryllileg en það er ótrúlegt að fréttatimar séu uppfyllir af hælærðu fólki, líkamlega og andlega, dag eftir dag, viku eftir viku og mánuð eftir mánuð. Mál er að linni.

Það gerist margt skritið á Íslandi. Í stjórnmálunum er flokkurinn sem lofar skattahækkunum eftir næstu kosningar með yfirburða fylgi á aðra flokka og ekkert virðist geta ógnað stórsigrum hans í næstu kosningum. Ekki þar fyrir að níverandi ríkisstjórn virðist bæði þreytt og verulega lúin. Seðlabankinn hækkar vexti eins og enginn sé morgundagurinn en ekki lækkar verðbólgu, hækkar ef eitthvað er. Einn virtasti og besti rithöfundur og skáld landsins, Gyrðir Eliasson, er settur til hliðar. Afburða verk hans ná ekki tilnefningum og hann er settur út í horn og honum neitað um listamanna-laun. Á sama tíma tala vitringar í heimi bókmenntanna, innlendir sem erlendir, um Gyrði sem líklegan kandidat til bókmenntaverðlauna Nóbels. Íslendingar sendu 84 manneskjur á loftslagsráðstefnu í miðausturlöndum. Það dugði ekkert minna. Hvað kostaði sú makalaus vitleysa sem engu skilar?

Það væri hægt að tuða enn meira hér en við látum því lokið. Vonandi mun nýtt ár verða skemmtilegra og betra á flestan hátt en það sem senn er liðið. Nú nálgast hátíð ljóss og friðar og ekki eru nema tvær vikur þar til daginn fer að lengja á ný. Þrátt fyrir leiðinlegar fréttir lengi hefur haustið og það sem af er vetri verið fljótt að liða en leiðinda myrkur er samt framundan í nokkrar vikur. Það mun birta á ný innan fárra daga og skammdegið gefur eftir fyrr en varir. Vonandi munu Grindvíkingar ná föfestu í sitt líf sem fyrst og best væri ef ekkert yrði af eldgosi á Reykjaneskaganum.

Við sem stöndum að útgáfu hverfablaða í Grafarvogi, Árbæ og Grafarholti og Úlfarsárdal erum þrátt fyrir allt bjartsýn á komandi ár.

Þeim mun vonandi fjölga á nýju ári sem átta sig á því hve öflugir miðlar hverfblöðin eru og þeir aðilar sem þar auglýsa finna fyrir miklum árangri. Það heldur okkur gangandi og viðheldur nauðsynlegri bjartsýni. Við höfum verið að í 30 ár og þrátt fyrir að endalokin nálgist mun hressst fólk taka við þegar þar að kemur og halda hverfablöðum í borginni gangandi. Við óskum lesendum gleðilegra jóla, farsældar á nýju ári og velgengi í öllu sem þið takið ykkur fyrir hendur.

Stefán Kristjánsson

[gv@skrautas.is](mailto:gv@skrautas.is)

# Verum vakandi í vetur vegna vetrarþjónustu

- eftir Björn Gíslason, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Nú þegar vetrar og tekið er að kólna verður ekki hjá því komist að leiða hugann að síðasta vetri sem e.t.v. er flestum borgarbúum, í efri byggðum, í minnum hafður, enda var hann afar snjóbungur á höfuðborgarsvæðinu öllu. Eftirminnlegt var hins vegar hversu illa borginni tókst til við snjóruðning í íbúagötum og hverfum borgarinnar m.v. nágrenna-sveitarfélögin, en á sama tíma og vel gekk hjá þeim að ryðja var meira og minna allt ófært um alla borg.

Þessu fundu íbúar fyrir á eigin skinni í kringum síðustu jól og áramót, sérstaklega hér í efri byggðum, þar sem fólk gat ekki, dögum saman, komist út úr íbúagötum. Þegar snjóruðningur hófst svo loksins, tókst ekki betur til en svo að botnlangagötum var sleppt. Þar þurftu íbúar sums staðar að grípa til þeirra ráðstafana að sjá sjálfir um moksturinn og ráða verktaka til þess. Þarna brást borgin þeirri grunnskyldu sinni að halda húsagötum greiðfærum.

Þegar borgarbúar leyfðu sér svo að kvarta undan því hversu illa var staðið að snjómokstrinum var þeim svarað með útúrsmunum um að verið væri að endurskoða handbók um vetrarþjónustu. Og það jafnvel þótt handbækur í endurskoðun gerðu lítið til að laga



Björn Gíslason er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

ástandið sem þá var.

### Snjómokstur er öryggismál

Þá vakti talsverða athygli, þegar þáverandi formaður skipulagsráðs borgarinnar, Alexandra Briem, borgarfulltrúi, tilkynnti í vandræðalegu fréttaviðtali að búið væri að ákveða að setja á lagginnar stýrihóp til að gera úttekt á snjómokstri í borginni. Enda þótti borgarbúum

óþarfi að flækja verkefnið með því að ráðast í kostnaðarsama úttekt í stað þess að verja fjármunum í augljósar aðgerðir strax, mokstur.

Hópnum tókst nú samt að skila sextán umbótatillögum, en þeim fylgdi aðgerðalisti með um fjórútu aðgerðum sem allar eiga að vera komnar til innleiðingar nú. Rétt er í því samhengi að hvetja borgarbúa til að vera vel á varðbergi í vetur, sérstaklega í efri byggðum, enda er það öryggismál að bæði stofnbrautum og húsagötum sé haldið greiðfærum svo sjúkra-, slökkvi- og lögreglubifreiðar komist leiðar sinnar í þjónustu við íbúa svæðisins. Kostnaðar vegna þessara aðgerða borgarinnar mun nema um 200 milljónum króna, sem er svo sem dropi í hafið, skili tillögurnar tilætluðum árangri.

Okkur borgarfulltrúum þætti vænt um að fá ábendingar telji borgarbúar ekki nægilega vel að verki staðið í vetur við snjómokstur. Hægt er að senda undirrituðum tölvupóst á netfangið [bjorn.gislason@reykjavik.is](mailto:bjorn.gislason@reykjavik.is).

Annars vil ég nota tækifærið og óska ykkur öllum gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári.

Höfundur er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

VISSIR ÞÚ?

# AÐ KEILAN Á UPPRUNA SINN 3200 FYRIR KRIST.

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á  
KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin  
EGILSHÖLL

**GB**  
TJÓNAVIÐGERÐIR

### Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttíngi- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðavottun frá Bílgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.

Hafðu samband núna

Dragháls 6-8
 567-0690
 [tjon@tjon.is](mailto:tjon@tjon.is)
[www.tjon.is](http://www.tjon.is)

### Við þjónustum allar gerðir bíla

- Tjónaskoðun**  
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingarféлага.
- Rétting og málun**  
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaleigubíla á staðnum

Vinum með öllum bílaumboðum

# FULLT HÚS AF GLEÐI



PÖBB QUIZ  
7. DESEMBER KL. 21

**NEI.  
HÆTTU  
NÚ ALVEG**



PÖBB QUIZ  
14. DESEMBER KL. 21

**TEBOÐIÐ.  
BIRTA LÍF &  
SUNNEVA**

**KEILA KARAOKE PÍLA PIZZA SPORTBAR SHAKE AFMÆLI HÓPEFLI**




GIGG  
15. DESEMBER KL. 22

**PRETTY-BOI-  
TJOKKO &  
GÚSTI B.**



PÖBB QUIZ  
21. DESEMBER KL. 21

**HÆ HÆ MEÐ  
HELGA OG  
HJALMARI**



GIGG  
22. DESEMBER KL. 22

**HÖRÐUR &  
PETUR**



PÖBB QUIZ  
28. DESEMBER KL. 21

**DR. FOOTBALL**

**ÞÚ GETUR BÓKAÐ Á KEILUHOLLIN.IS  
OG Í SÍMA 5 11 53 00**

*Keiluhöllin*  
EGILSHÖLL



## JÓLATÓNLEIKAR KÓRS GRAFARVOGSKIRKJU DIDDÚ OG ARI ÓLAFSSON



Kór Grafarvogskirkju,  
Vox Populi, Barna- og unglíngakór  
Grafarvogs í Grafarvogskirkju  
og hljómsveit.


Stjórnendur Hákon Leifsson,  
Lára Bryndís Eggerisdóttir og Auður Guðjohnsen.

Laugardaginn 16. desember kl. 17:00  
í Grafarvogskirkju.  
Miðaverð: 4.000 krónur

## Þessar verður þú að lesa!

### Marcus Rashford

Frábær bók um knattspyrnumann sem skorar mörk og lætur líka gott af sér leiða á ýmsa vegu.




### Björn Pálsson

Magnaðar frásagnir af fyrsta sjúkraflugmanninum á Íslandi.



### Völvur á Íslandi

Á Íslandi eru til heimildir um á um sjöunda tug völvuleiða. Sumum þeirra fylgja hreint magnaðar sögur



## Bókaútgáfan Hólar

holabok.is / holar@holabok.is

## Bókakaflar

GV

Í tímans rás hafa íslenskir sjómenn bjargað fjölmörgum mannlífum á skipum á hafi úti – oftar en ekki við hrikalegar aðstæður og í miklum veðraham. Í bókinni *Hetjudáðir á hafi úti* er að finna marvislegar frásagnir af því þegar þessar hetjur hafsinns hafa hætt lífi sínu við að bjarga sjómönnum á öðrum skipum frá því að hljóta vota gröf. Einnig er fylgst með því sem gerist um borð í skipunum sem eru að farast.

Steinar J. Lúðvíksson er manna fróðastur um sjóslys við Ísland og hefur skrifað margar bækur um efnið.

Víkur sögunni til Bolungarvíkur 26. apríl, sumardaginn fyrsta, árið 1913.

Næstu dagana áður hafði fjöldi báta frá verstöðvum þar vestra róið í góðri tíð og fengið ágætan afla. Aðfaranótt sumardagsins fyrsta var einnig hæglætisveður en glöggir menn töldu að veðrabrigði væru í nánd. Minnst Finnbofi Bernóðsson þess í bók sinni Sögur og sagnir úr Bolungarvík að Hálfán Órnólfsson hreppstjóri hafi komið um nóttina til Sumarliða Magnússonar formanns á vélbátinum Svöfu og manna hans þar sem þeir voru að beita lóðir og sagt sem svo:

„Hættu nú að beita Sumarliði, hann er að gera manndrápsveður.“

Sumarliði vissi að Hálfán var með



# Hetjudáðir á hafi úti

## - áhöfn bjargað af bátsflaki

afbrigðum veðurglökkur. Hann lagði frá sér áhöld sín og sagði við áhöfn sína að hann ætlaði út og yrði hann ekki kominn áður en beitan væri búin skyldu þeir koma lóðunum fyrir í ískassa sem notaður var fyrir beittar lóðir. Ekki kom Sumarliði inn og varð því ekki af að Svafa færi í róður.

Ekki var þess heldur langt að biða að veður versnaði. Með morgninum hvessti upp af norðaustri og var komið hávaðarok um hádegisbil og jafnframt mikið brim við landið. Varð sjógangurinn brátt svo mikill að færa þurfti þá báta sem voru í vör ofar og fjórir bátar sem lágu við legufæri í vikinni slitnuðu upp. Vélbáturinn Guðrún sókk í vikinni en vélbátana Sóló, Fræg og Hring rak á land. Sáu menn sem fylgdust með Hring að þegar hann kom upp í landbrotið fór hann heila veltu í sjónum en kom úr henni á réttum kili og barst þannig til lands lítið sem ekkert brotinn eða skemmdur.

Veðrið herti þegar á daginn leið og þá fór einnig að ganga á með dimmum eljum.

Brátt fóru bátarnir sem róið höfðu að tínast að en átta þeirra voru frá Bolungarvík. Þar var komið haugabrim og með öllu ólendandi. Héldu bátarnir því áfram og inn til Isafjarðar og tókst svo vel til að engum þeirra hlekkist á.

Einn Bolungarvíkurbátanna var vélbáturinn Máfur sem var einn minnsti og elsti vélbáturinn á staðnum. Formaður á honum var ungur maður, Bárður Jónsson að nafni. Með honum í áhöfn voru sex menn. Fylgdist fólk með er Máfur kom upp undir Bolungarvík og virtist vera að kanna hvort möguleiki væri á lendingu. Báturinn sneri fljótt frá og hélt út aftur mót sjó og mun ugglaut hafa ætlað að halda til Isafjarðar og taka höfn þar.

Gerðist nú margt í skjótri svipan. Þegar þunglaðinn báturinn fór að streða móti veðrinu þoldi skrokkur hans það ekki og hann sló úr sér eins og það var kallað. Þegar sjór streymdi inn drap vélin óðar á sér og bátinn tók að hrekja undan óveðrinu til lands.

Vélarvona lagðist báturinn flatur fyrir. Barst hann óðar að grunnbrotunum utanvert við vikina og stefndi á grjóturð við hana þar sem ægileg landbrot voru farin að ná langt út. Lenti báturinn í þeim var tæpast að sökum að spyrja. Fylgdist fólk í landi með og sá að sjór gekk nær stanslaust yfir bátinn og þótti líklegt að honum myndi hvolfna þá og þegar.

En þá vaknaði veik von um að takast mætti að bjarga mönnum. Bát bar þarna að og var á sömu slóð og Máfur sem lá flatur fyrir sjó og vindi. Þótt það væri greinilega mikið hættuspil fyrir bát þennan að reyna björgun var vonast til að hann reyndi að koma til hjálpar.

En sú von brást. Aðkomubáturinn sigldi rétt fram hjá Máfi með stefnuna inn með landinu í átt til Isafjarðar án þess að gera tilraun til þess að bjarga mönnum sem voru í lífsháska. Sáu menn glöggst hvaða bátur þetta var og vissu að formaðurinn á honum var kunnur sjósóknari. Kom síðar í ljós að hann hafði talið það algjörlega útilokað að koma til hjálpar og með því að reyna það hefði hann stefnt báti sínum og áhöfn í mikla hættu.



**Bjarni Bárðarson frá Hóli í Bolungarvík var annalað þrek- og kjarkmenni vestra. Það syndi sig berlega þegar honum og áhöfn hans tókst að bjarga áhöfn vélbátsins Máfs sem var að reka upp í öskrandi brimgarðinn.**

„Passa þú vélinu – ég passa stýrið“

Eftir að bátur þessi hélt leiðar sinnar töldu þeir sem fylgdust með að engin von væri til þess að áhöfnin á Máfi myndi bjargast. Vera kynni að einhverjir næðu tökum á belgjum eða braki úr bátunum og myndi þá reka til lands og farast þar í öskrandi brimrótinu.

Þá sást bátur koma og fór nánast sömu leið upp að vikinni og Máfur hafði gert. Þegar bátur þessi nálgast og sá að Máfur var við það að reka

upp í grunnbrotin breytti hann stefnunni og keyrði á fullri ferð að bátsflakinu. Sást að hann renndi að Máfi landmegin og var því sjálfur alveg í jaðri brimgarðsins. Svo stutt var þetta frá landi að greinilega sást að menn komust upp í bát þennan þegar í fyrstu tilraun. Eftir sáust menn um borð í Máfi en hversu margir þeir voru greindu menn ekki. Eftir að báturinn sem kom til bjargar kvikaði frá og rétti sig gerði hann aðra atrennu að björgun. Í sömu svifum gekk yfir dimmt el og sást ekki hvort sú tilraun til að ná þeim sem eftir voru heppnaðist en þegar örliðið hlé varð á snjókomunni sást að bátur þessi var kominn út úr vikinni með stefnu út og var snúið í átt til Isafjarðar. Á sömu stund sókk Máfur og sást í hnýfil hans þangað til hann rak á land og spónbrotnaði á svipstundu.

Fólk í Bolungarvík þekkti bátinn sem kom til björgunar. Þar var á ferðinni vélbáturinn Dúfan en formaður á honum var Bjarni Bárðarson frá Hóli í Bolungarvík. Sex menn voru í áhöfn bátsins. Biðu Bolvíkingar milli vonar og ótta eftir fregnum um hvort öll áhöfn Máfs hefði bjargast. Eftir nokkurra klukkustunda bið var hringt frá Isafirði með þær gleðilegu fréttir að allir mennirnir af Máfi hefðu komist heilu og höldnu um borð í Dúfuna og væru komnir til Isafjarðar. Þangað voru einnig komnir aðrir þeir bátar frá Bolungarvík og fleiri útgerðarstöðum við Djúp sem róið höfðu og hafði engum hlekkst á þrátt fyrir veðurofsann.

Nánari fréttir af björguninni voru þær að þegar Dúfa kom úr róðrinum ákvað Bjarni að kanna aðstæður við Bolungarvík og kom þá auga á Máf sem var að reka til lands. Kallaði hann óðar á háseta sína og gaf þeim fyrirmæli um að taka seglið og binda það á þá hlið bátsins sem hann ætlaði að leggja að Máfi. Vélamaðurinn á Dúfunni spurði þá hvort hann ætlaði að leggja að bátunum í þessu veðri og svaraði Bjarni því óðar játandi. Vélamaðurinn ítrekaði þá spurninguna sína: „Heldurðu að það sé hægt í þessu veðri?“ „Láttu mig um það, passa þú vélinu, ég skal passa stýrið.“ sagði Bjarni. Í fyrri atrennu björguðust fimm menn af Máfi um borð í Dúfuna og í seinni atrennunni náðust Bárður formaður og háseti sem voru enn um borð í flakinu.

# Gleðilegar jólaseríur úti & inni



**30%**  
**AFSLÁTTUR**  
**AF JÓLASERÍUM**



## Verðdæmi:

- LED jólasería - 100 ljós - IP44 ..... kr. **1.397** verð áður: 1.995
- LED samtengjanleg jólasería - 80 ljós - IP65 ..... kr. **2.377** verð áður: 3.395
- LED ljósslanga - 10 m - IP65 ..... kr. **3.497** verð áður: 4.995

Mikið úrval af  
rakavörðum  
fjöltengjum IP44

Verð frá  
kr. **1.995**

Framlengingarsnúra 10 metrar

**3.295**



Kapalkefli 10 metrar

**4.395**



Kapalkefli 15 metrar

**5.895**

25 metrar  
kr. 8.495  
50 metrar  
kr. 14.985



Kapalkefli, rakavarið  
IP44 25 metrar

**11.795**



SENDUM UM  
LAND ALLT!  
www.murbudin.is

**MÚRBÚÐIN**  
Gott verð fyrir alla, alltaf!

# Skreyttur jólalax með kryddjurtum og vorlauk!!

- frábær réttur sem vert er að prófa

Uppskriftin að þessu sinni er gírnileg sem aldrei fyrr. Jólalax með öllu tilheyrandi. Að venju skorum við á lesendur að spreyta sig á uppskriftinni.

**Jólalax**  
Þessi jólalaxauppskrift er gerð með granateplafræjum og applesínugljáa og skreytt með granateplafræjum, kryddjurtum og vorlauk.

Dásamlega bragðgóð, litrík og holl

máltíð fyrir desember mánuð.

## Uppskriftin

800 gr. lax.  
½ tsk. salt.  
¼ tsk. svartur pipar.  
1 bolli granateplafræ.  
3-4 msk. akasíuhunang.  
1/2 bolli ferskur appelsínusafi úr um það bil 1-2 appelsinum.



Jólalaxinn frá Hafinu er alveg sérlega ljúffengur.

1 msk. appelsínubörkur úr einni appelsínu.  
Smá chili flögur.  
2 tsk. sinnep.  
1/2 tsk. rosarpipar.  
1/2 tsk. fennel fræ.  
Til skruts eftir eldun;  
Granateplafræ til skrauts.  
1/2 búnt Steinselja.  
1/2 búnt basil.  
2 Vorlaukar til skrauts.

## Leiðbeiningar

1. Forhitið ofninn í 200 gráður. Klæðið stóra bökunarplötu með smjörpappír.
2. Leggið laxinn með roðhliðinni niður á bökunarplötuna. Kryddið með salti og pipar.
3. Bætið granateplafræjum, sinnep, appelsínusafa og appelsínuberki og kryddum í pott við meðalhita og hrærið vel saman.
4. Hitið að suðu. Látið síðan malla í um 20 mínútur, hrærið af og til, þar

til það verður þykkt.

5. Hellið sósunni yfir laxinn.
6. Settu laxinn í ofninn og bakaðu í 18-20 mínútur, eða þar til laxinn er tilbúinn.
7. Færið laxinn yfir á disk. Skreytið laxinn með með granateplafræjum, appelsínuberki, gróft söxuðum kryddjurtum, vorlauk salt og pipar og smá af góðri ólífúolíu.

Verði ykkur að góðu

Kristjana Steingrimsdóttir (Jana)  
jana.is -www.instagram.com/janast

## TILBOÐS DAGAR

40% afsláttur af völdum umgjörðum í verslunum Prooptik í Kringlunni og Spönginni.

### Starfsfólk óskast í Prooptik Spönginni.

Við hjá Prooptik Spönginni leitum að þjónustuglöðum einstaklingi í hlutastarf. Viðkomandi þarf að vera a.m.k. 20 ára eða eldri.

Áhugasamir eru beðnir um að senda inn umsókn með ferilskrá á [prooptik.sponginn@eyesland.is](mailto:prooptik.sponginn@eyesland.is)


Frekari upplýsingar um starfið veitir Guðrún Björgvinsdóttir verslunarstjóri Prooptik Spönginni í síma 5700-900.

**prooptik**  
gleraugu

• KRINGLAN  
• SPÖNGIN

prooptik.is / 570 0900





---

*Leikfangaverslun  
í Grafarvogi  
[www.krumma.is](http://www.krumma.is)*

---



*Jólagjafir fyrir börn á öllum aldri*

# Hleðslutæki Jólatilboð!

20%  
Afsláttur



Öll hleðslutæki með afslætti fram að jólum



**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM



Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • Vefverslun: [www.skorri.is](http://www.skorri.is)

## Útfararstofa Íslands

Reykjavík • Kópavogi • Garðabæ • Hafnarfirði

Sólarhringsvakt: ☎ 581 3300

Komnum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

✉ [utforia@utforia.is](mailto:utforia@utforia.is) 🌐 [www.utforia.is](http://www.utforia.is)



Sveinir Einarsson  
Útfarastjóri  
Sími: 896 8242



Jón G. Bjarnason  
Útfarastjóri  
Sími: 793 4455



Jóhanna Elfríksdóttir  
Umsjón afbára



Guðmundur Ó. Jóhannsson  
Framkvæmdastjóri  
Umsjón afbára  
Sími: 862 0537

ALÚD • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

## Grafarvogsblaðið

Ritstjórn / Auglýsingar  
Sími 698-2844 / 699-1322



Fiskréttur dagsins  
2.890 kr kg



## Fréttir

GV



Jólamarkaðstréð í ár er skreytt af listamanninum Lilý Erlu Adamsdóttur.

# Jólamarkaður í Heiðmörk og jólaskógur á Hólmsheiði

Áð sækja eigið jólatré í Jólaskóginum á Hólmsheiði eða njóta stemningarinnar á Jólamarkaðnum við Elliðavatnsbæinn er föst venja á adventunni hjá mörgum. Enda er fátt jólalegra en grænar grenigreinar, könglar og snarkið í eldstæðinu.

Á Jólamarkaðnum í Heiðmörk, sem Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur staðið fyrir síðan 2007, er áhersla á ljúfa og notalega jólastemningu og skógarupplifun í vetrarparadísinni Heiðmörk. Á handverksmarkaðnum geta gestir keypt spennandi og vandaðar vörur beint af handverksfólki. Á torginu fyrir framan Elliðavatnsbæinn verður jólatrjáasala auk þess sem búið er að koma fyrir nokkrum jólahúsum. Á torginu verður einnig eldsmiður að störfum við snarkandi eld og við og við lifandi tónlist. Ef til vill berst líka yfir

torgið ilmur af nýristuðum möndlum, sem verða til sölu ásamt kaffi, kakói, mandarínnum, kleinum og smákökum frá Brikk. Gestir geta síðan sest inn og yljad sér við arineld í jólasalnum í kjallara Elliðavatnsbæjarins, þar sem 10-12 ára nemendur Hjallastefnunnar hafa sett upp jólaskreytingar. Í Rjóðrinu verður svo hægt að hlýða á rithöfundu lesa úr nýútkomnum bókum, við varðeld. Dagskrá hverrar helgar verður birt á heimasíðu Skógræktarfélags Reykjavíkur, [heidmork.is](http://heidmork.is).

Í Jólaskóginum á Hólmsheiði getur fólk svo sótt sitt eigið tré út í skóg. Að finna fallegt tré, saga það niður og flytja heim er skemmtileg samvera sem allir í fjölskyldunni geta tekið þátt í. Starfsmenn félagsins ráðleggja gestum hvert skal halda til að finna fallegt tré, lána sagir til þeirra sem ekki koma með

eigin sög, og pakka jólatrjánum í net svo auðvelt sé að flytja þau heim. Varðeldur er á staðnum, jólasveinar kíkja í heimsókn, og hægt að kaupa kaffi og krúderí.

Fyrsta opunarhelgin var 2. – 3. desember. Jólaskógurinn verður opin kl. 11–16 en Jólamarkaðurinn 12–17. Sú skemmtilega hefð hefur skapast við opnun Jólamarkaðsins, að sönghópur úr Norðlingaskóla syngi jólalög. Þann dag er Jólamarkaðstréð einnig opinberað en í ár er það skreytt af listamanninum Lilý Erlu Adamsdóttur (á mynd).

Fyrir hvert tré sem selst, gróðursetur Skógræktarfélag Reykjavíkur 50 tré. Verið velkomin í Heiðmörk.

**bfo.is**

Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf

[bfo@bfo.is](mailto:bfo@bfo.is)



SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) • 200 KÓPAVOGI • SÍMI: 567 7360





# JÓLAMATURINN

LÁTTU OKKUR SJÁ UM AÐ UNDIRBÚA JÓLAMATINN Í ÁR  
NAUTA WELLINGTON SÆLKERANS FRÁ 6.495 KR Á MANN

SJÁÐU ÚRVALIÐ Á SÆLKERABÚÐIN.IS

**GEFÐU MATARUPPLIFUN Í JÓLAGJÖF**

Í VEFVERSLUNINNI OKKAR GETURÐU KEYPT GJAFABRÉF FRÁ SÆLKERABÚÐINNI  
OG JÓLAPAKKANA VINSÆLU SEM ERU FULLIR AF GÓÐGÆTI!



LUX VEITINGAR



SÆLKERA  
— BÚÐIN —

BITRUHÁLSI 2

f SÆLKERABÚÐIN

KYNNTU ÞÉR GJAFABRÉFIN  
Á VEFVERSLUNINNI OKKAR



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

# GV

Ritstjórn og

auglýsingar 698-2844

# MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

## Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með  
hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag  
rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimaug?
- » Er kerfið búið álagasstyrkingu?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Sjálfvirkt greiðslu- og innheimtakerfi?



EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

## Fréttir

GV

# Eftirvænting aðventunnar

- eftir Kristínu Kristjánsdóttur, djákna  
í Grafarvogskirkju



Kristín Kristjánsdóttir er djákni í Grafarvogskirkju.

Við erum sjaldan jafn bundin hefðum og venjum og jóln. Hefðirnar eru fyrir okkur mörgum stór hluti jólagleðinnar. Að gera hlutina eins ár eftir ár. Við erum vön hinum og þessum jólasíðunum. Það eru ekki jól nema við fáum frómasinn hennar ömmu eða súkkulaðismákökurnar hennar mömmu. Hefðirnar eru hluti af okkur sjálfum og fjölskyldum okkar, hluti af sögu okkar hvers og eins. Þær eru um leið hluti af því hvernig við deilum hamingju okkar með þeim sem okkur þykir vænst um. Auðvitað er þetta dýrmætt.

Hefðirnar eru margar og misjafnar og víða mjög fastar í sessi.

Þegar ég var að alast upp höfðu foreldrar mínir mikið fyrir því að búa fjölskyldunni allri gleðilega jólahátíð. Það var gert með þrifum og bakstri, sem var misjafnlega skemmtilegt, (ég er af þeirri kynslóðinni að við skiptum út hillupappír í eldhússkápunum) síðan var það lauffabraudskurði þar sem öll fjölskyldan kom saman og skar út og steikti og öllum þótti gaman og ekki má gleyma jólaboð hjá ömmu á aðfangdagskvöld, sem í minni minningu var alveg æðislegt. Heitt súkkulaði með rjóma og peruterta.

Ég er þakklát fyrir þessar minningar því jólin í minni barnæsku snerust um fjölskylduna og upplifunin af því að jólin væru heilög var mjög sterk.

Ég velti því upp hvort það séu þá hefðirnar sem skapa heilagleikann á jólum? Hvað það er sem kallar fram þessa einstöku tilfinningu um að á þessari hátíð eigi allt að vera svolítið betra, fallegra og einstakara en annars.

Það gæti vissulega verið að það séu hefðirnar sem skapa heilagleika jólananna. Við reynum með hefðunum að upplifa góðar minningar úr barnæskuna okkar og viljum deila þeim til barna og afkomenda. Minningar streyma fram við að finna lyktina af rjúpusósumni eða fagurlega skreyt jólatré í stofunni.

En hvað gerist þá þegar eitthvað breytist, þegar breyting verður í fjölskyldum, skilnaður, dauðsföll, barnfæðingar á jólum (ég á tvo jólabörn), búferlaflutningar milli landa svo eitthvað sé nefnt. Ætli heilagleikinn hverfi þegar hlutirnir eru ekki lengur í föstum

skorðum. Þegar ekki er hægt að halda í fastmótaðar hefðir?

Ef hefðir eru það sem gerir jólin heilög þá verður væntanlega erfiðara að upplifa heilagleikann þegar allt fer úr skorðum hjá okkur og hið óvænta gerist. Eða hvað?

Ein uppáhalds jólasagan mín er um hann Krissa sem var aldrei til friðs. Krissi átti að leika í jólaleikrit skólans. Jólaleikritið var um fæðing Jesú. Krissi var með hlutverk gistiheigandans í Bethlehemem. Hann átti að segja eina setningu í leikritinu og hann var staðráðin í að standa sig vel í þessu hlutverki þó að það væri lítið. Mamma hans og amma sátu á fremsta bekk. Hann átti að hrista hausinn, segja Jósef og Maríu að ekkert rúm væri fyrir þau í gistiheigandinu og loka síðan dyrunum. Það var allt og sumt.

En þegar á reyndi og "Jósef og María" stóðu fyrir framan hann og báðu um rúm í gistiheigandinu gat hann ekki hugsað sér að neita þeim, Góðmennskan og gæskan skein af andliti Krissa þegar hann reif upp hurðana á gistiheimilinu og sagði með hárrí röddu; verið velkomin hér er Nóg pláss. Komið inn og látið fara vel um ykkur, kærur vinir!

Með einni setningu breytti Krissi heimsmyndinni eins og við þekkjum hana og allt leikritið fór í uppnám.


Önnur skemmtileg jólahæfð sem mér langar að deila með ykkur. Þannig var að við hjónin vorum með dóttur okkar á barnaspítla í London jólin 1994. Sr. Jón þá sendiráðsprestur býður okkur heim til sín á aðfangadagskvöld. Fjölskyldan hafði búið í London í mörg ár en héldu Íslensk jól eins vel og hægt var. Við áttum að vera komin til þeirra rétt fyrir kl. 6. Þeirra hefð var að setjast til borðs kl. 6. Jólaturinn var sendur með flugi rétt fyrir jól, hangikjöt, lauffabraud, og kaldreykta síðu að norðan þaðan sem Jón er ættaður og það sem er ómissandi á hvert íslenskt heimili á jólunum malt og appelsín. Að þessu sinni gleymdist að senda maltið svo sr. Jón fór á stúfana að finna það sem líktist "malti" og kom heim með dökkan Guinness bjór sem blandað var við appelsínið við misgóðar undirtektir fjölskyldunar.



Grafarvogskirkja.

# Grafarvogsblaðið

Ritstjórn/Auglýsingar - Sími 698-2844



# SÍRÍUS SUBSÚKKULABI

*...sem Íslendingar hafa stólist í síðan 1933*



# Lesum um FUGLANA

Lestur barna hefur löngum verið Árna Árnasyni, kennara til margra ára og fuglaljósmyndara, mjög hugleikinn og hefur hann í gegnum tíðina samið og skrifað fjölmargar bækur sem flestar eiga það sameiginlegt að höfða ekki síst til þeirra barna sem af einhverjum ástæðum glíma við lestrarerfiðleika, en spilla síður en svo fyrir hinum fluglæsu, enda er efnið yfirleitt áhugavert.

Nýlega sendi Árni frá sér bókina Lesum um fugla. Þar kynnir hann til leiks í stuttu máli og með vönduðum ljósmyndum um 70 tegundir algengra fugla. Við forvitnuðumst aðeins um þessa bók og hvernig megi nýta hana í þágu barna og þess vegna fjölskyldna.


Hvað geturðu sagt okkur um þessa bók, Lesum um fugla?

„Jú, hún er hugsuð fyrir börn sem eru farin að lesa sér til gagns og

nýtist þeim og öllum öðrum sem hafa áhuga á að kynnast algengum fuglum í íslenskri náttúru. Bókin er þannig upp byggð að fuglunum er raðað í stafrófsröð, sem gerir það að verkum að það er þægilegt að leita í henni, svo er lýsandi mynd af hverjum fugli fyrir sig og tvö til þrjú lykilorð um hvern þeirra, sem er svo svarað í stuttum texta þar á eftir.“

En hvernig geta foreldrar komið að bókinni og stutt við lestur barna sinna?

„Það geta þeir gert með ýmsu móti. Þeir geta auðvitað hjálpað þeim við að lesa textann og rætt um þau atriði sem þar eru nefnd, svo sem hvað það merki hjá álftrinni „að vera í sárum“, eða þá að hrafninn „sé alæta“. Svo er hægt að lesa í myndirnar og ræða um þær, en allt þetta – lestur, spjall um textann og myndirnar – hjálpar börnunum að auka við orðaforða sinn og lesskilning



Árni Árnason kennari og fuglaljósmyndari til margra ára.

og bætir svo vitaskuld sjálfan lesturinn hjá viðkomandi barni. Ég hvet foreldra eindregið til að sitja með börnunum sínum þegar þegar þessi bók er lesin, nú eða ef aðrar bækur eru hafðar um hönd, og sýna því áhuga sem þau eru að lesa og/eða skoða. Það er sannkölluð gæðastund og skilar sér svo sannarlega þegar að fram líða stundir.“



## MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

VISSIR ÞÚ?

**AÐ KEILA ER LEIKIN AF 120.000.000 MANNS Í YFIR 90 LÖNDUM.**

KÍKTU Í KEILU, PÍLU, KAREOKE, PIZZU, DRYKK, BOLTA OG FJÖR.

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin  
EÐILHÖLL

Fyrir hvert jólatré eru 50 ný gróðurseff

Jólamarkaður í Heiðmörk

Opit adventuhelgan kl 12-17



SKÓGRÆKTARFÉLAG  
REYKJAVÍKUR

Allar nánari upplýsingar um Jólamarkaðinn í Heiðmörk, Jólaskóginn á Hólmsheiði og jólatrjáasölu á Lækjartorgi má finna á heidmork.is



Sunna Líf, nemandi í áfanganum, ásamt lukkuðyrum á markaðinum.

## Pop-up markaður í Borgarholtsskóla

Á listnámsbraut Borgarholtsskóla er alltaf eitthvað spennandi um að vera og eru kennarar og nemendur á sviðinu óþreytandi við að brydda upp á nýjum leiðum til að nálgast þau hæfniviðmið sem náminu er ætlað að hjálfa.

Nemendur í áfanganum Skapandi hugmyndavinna (SKH3A05) héldu Pop-up markað í matsal skólans fyrir skemmstu. Pop-up markaðurinn er hluti af námi þeirra í áfanganum en markmiðið er að efla sköpunarkraft, frumkvæði, nýsköpun og virkja áráðni nemenda til að finna nýjar leiðir og skapa gæði sem máli skipta. Í áfanganum er unnið út frá heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Nemendur voru með fjölbreyttar vörur og þjónustu á boðstólum, seldu til dæmis notadan fatnað, þjuggu til skargrípi, seldu bakkelsi og teiknuðu portrettmýndir af fólki sem þess óskaði. Allur ágóði markaðarins rann til hjálparstarfs Unicef í Palestínu en heildarágóðinn var yfir 60 þúsund krónur. Til að gera markaðinn meira spennandi voru nemendur búnir að fá starfsfólk með sér í lið. Valið starfsfólk fékk áskoranir um að leysa erfið og flókin verkefni. Ef það tókst ekki þá fékk það yfir sig vatnsfötu, rjóma í andlitid eða það var krotað á það, allt eftir því hvað safnaðist mikið. Þessi viðbót var bæði til þess að auka skemmtanagildi og ágóða markaðarins.

Borgarholtsskóli er stoltur af nemendum sínum sem leggja sitt af mörkum til að styðja við verðugt málefni.

# Palli í Hlíð

- stíklur úr lífshlaupi ævintýramanns

Fyrir nokkrum árum síðan datt þeim félögum á Eskfirði, Sævari Guðjónssyni og Þórhalli Þorvaldssyni, í hug að færa í letur brot af ævi sveitunga síns og vinar, Páls Leifssonar, eða bara Palla í Hlíð eins og hann er oftast kallaður þar eystra. Hann hefur marga fjöruna sopið, hefur stundað veiðimennsku af ýmsum toga megnið af ævi sinni, fyrir nú utan að sinna ýmsum rannsóknarstörfum fyrir náttúrustofnanir hérlandis, og ævintýrin sem hann hefur lent í eru óteljandi.

## Hreindýraveiðir

Í gegnum tíðina hefur Palli farið óteljandi ferðir til fjalla að leita hreindýra og hann hefur fellt þau í hundradatali. Fyrsta dýrið felldi hann á Eskifjarðarheiði, líklega 1971, en það var flækt í rafmagnsvír og var illa á sig komið. Kannski mætti flokka það undir náðarskot. Hann var þá með Hornet-riffl í farteskinu, en slík tól þóttu mikil verkfæri.

„Eitt sinn var ég í fjallinu með Guðjóni Gísla,“ segir Pall og rifjar upp þegar hreindýr snerist á móti honum, sem ekki er alengt. „Við voru búnir að þvælast inn á Eskifjarðarheiði og um allt. Þá rákumst við á hreindýr innst í Þverárdalnum. Við læðumst að þeim og þau fara eitthvað að stjálka og ókyrast. Við ákveðum að geras samskot á þau, felldum strax hvor sitt dýrið og ég miða á það þriðja og lét vaða. Það dettur, en stendur svo upp aftur. Þetta var stór tarfur. Ég hleyp á eftir honum upp brekkuna, en dett þar á hvínandi hausinn og kíkirinn á rifflinum sem ég var með, alveg forlata verkfæri, gjöreyðilagðist. Ég stóð upp og hélt áfram á eftir tarfinum. Þá var hann lagstur. Ég miðaði á hálsinn á honum og skaut, en hittu ekki og kúlan flaug eitthvað út í loftið. Ég reyndi nú að komast nær dýrinu og koma skoti á það. Þá sneri tarfurinn sér skyndilega á móti mér. Ég kastaði rifflinum frá mér og hljóp á móti honum, greip í hornið og skutlaði honum til hliðar. Hann rúllaði niður brekkuna, en ég hékk í honum. Fyrir rest þá náði ég að keyra hann aftur og þar sem lappirnar voru upp á móti brekkunni tókst tarfinum ekki að spyrna sér á fætur. Ég hafði náð góðu taki á annarri afturlöppinni á honum. Byssan var nú fjærri, en ég var með hnif á mér. Náði þó ekki til hans. Ég hefði þurft að sleppa dýrinu til að geta náð til kutans og það gekk ekki. Þá datt mér í hug að losa beltið frá buxunum og að því búnu batt ég afturfótinn, sem ég hélt í, við annan framfótinn. Svo þrýsti ég hausnum á dýrinu niður, seildist síðan eftir hnifnum og mænustakk tarfinn ofan við banakringluna. Þar með var „björninn unnin“. Guðjón kom þarna að í lokahnykknum og skyldi ekkert í því af hverju ég hefði ekki skotið dýrið. Hélt jafnvel að ég væri að spara skotin, en svo var ekki!“

## „Kjarnagott“ nesti

Hreindýraveiðimenn og aðrir þeir sem fara á fjöll og firnindi vita að það er nauðsynlegt að hafa með sér kjarnagott nesti, því áreynslan er mikil og menn fljótir að örmagnast þegar gengið er á orkubirgðir líkamans, án þess að fyllt sér á þær að sama skapi.

Stundum er kappið og flýtirinn þó slíkur að menn viljandi sneyða hjá þessum „smáatriðum“, en fá svo á baukinn fyrir það. Þannig var það eitt sinn hjá Palla. Hann var að klára næturvakt í bræðslunni og fór fljótlega upp úr því með öðrum Eskfirðingi, Karli Sigfúsi Lauritzsyni, þáverandi skattstjóra á Austurlandi, út í Sandvík, en Kalli hafði fengið úthlutað hreindýri og fékk Palla með sér þangað.

Þarna hittu Sævar Guðjónsson á Mjóeyri þá féлага og fannst honum Palli heldur máttlítil að sjá. Það var líka reyndin. Hann var aðframkominn, bæði af þreytu eftir næturvaktina í bræðslunni og eins af næringarskortri, en í flýtinum um morguninn hafði hann ekkert mátt vera að því að taka til handa sér gott nesti, heldur lét hann það nægja að koma við í sjoppunni og grípa með sér ... kók og Snickers! Ágætt, hvort í sínu lagi og saman, en hentaði bara ekki þarna, enda geta túrarnir í Sandvík orðið langir og því orkufrekir.

**Fyrstu kynni Skarphéðins af Palla**  
Skarphéðinn G. Þórisson náttúrufræðingur, sem lést í sviplegu flugslysi nú í sumar, var góður vinur Palla. Hér segir af fyrstu kynnum þeirra:

„Ég hittu Palla fyrst voridd 1978,“ segir Skarphéðinn G. Þórisson. „Þá fórum við líffræðinemar við Háskóla Íslands út í Flatey til að merkja skarfa. Þar sem ég fer þarna um fjöruna sé ég gríðarlega stórt selhræ liggja í henni. Svo skrífur maður á stígvélum út úr því. Hann var þá að athuga hvort að urtan hefði verið með fóstur. Þetta hræ var ekki alveg nýtt og eru þau þó ekki geðsleg ný, hvað þá gömul, en þarna var kominn Páll Leifsson. Hann hefur aldrei vílað fyrir sér að vera í svona óþrifaverkum.“

Ég var algjörlega grænn og reynslulaus og þekkti lítið til Austurlands þegar ég fór að vinna með Palla, voridd 1979, við rannsóknir á hreindýrum og mér hefði orðið lítið ágengt án hans. Hann tók mig eiginlega að sér og ég hef oft talað um hann sem fóstura minn.

Þetta var annars hið versta vor og á leið okkar um Jökuldalinn sá ég að eitthvað yrði að gera til að geta keyrt upp hann. Það var himinhár snjósafl fyrir framan okkur, svo ég sótti skóflu og bað Palla um að fara út að moka. Hann leit á mig manndrápsaugum og svaraði: „Þú getur sko gert það sjálfur. Það er tveggja daga vinna fyrir jarðytu að komast í gegnum þetta!“

Palli fær þá umsögn hjá öllum að hann sé mjög þægilegur maður og búi yfir miklu jafnaðargeði. Þetta kemur heim og saman við það sem Skarphéðinn segir af honum, en svo flýtur með ein saga sem sýnir að söguhetja vor geti reiddst, þótt mikið þurfi reyndar til þess. Skarphéðinn heldur áfram:

„Palli hefur bara einu sinni reiddst við mig. Þá setti hann snjóseða í krapapytt og var að svala þar. Ég reif upp myndavélina og festi þetta á filmu, en á meðan ég var að því hreytti hann í mig: „Etlarðu að horfa á mig drukna hérna, mannandskoti!““

Palli var foringinn í ferðum okkar. Ég hlýddi honum bara og það reyndist



Palli og Skarphéðinn G. Þórisson í einni af mörgum ferðum þeirra á hálendinu.

mér bæði vel og lærdómsríkt.“

## Undarlegt hátterni „sels“

Palli dvaldi oft í Djúpadal hjá systur sinni og mági, en sonur þeirra er Leifur Samúelsson sem tekur nú við:

„Það var einhverju sinni að vorlagi að pabbi minn, Samúel, var á ferðinni hérna úti við Þórisshólma,“ segir Leifur í Djúpadal, frændi Palla. „Kom hann þá auga á sel þar í fjörunni og ákvað að fara heim, sækja þar byssuna og athuga hvort að hann næði honum ekki. Palli var ekki með pabba, en var þó á svæðinu, því bíllinn hans var þarna einhvers staðar skammt undan.“

Pabba seinkaði eitthvað, hann þurfti að aðstoða rollu á leiðinni, en þegar hann kemur aftur út í hólma, með byssuna, sér hann í hausinn á selunum. Færið er þó fulllangt. Hins vegar sér hann glöggt að selurinn hegðar sér undarlega og fer aldrei í kaf. Þess utan er hausinn á honum loðinn. Þetta verður til þess að pabbi fer að veita selnum meiri athygli og sér þá að hann er ekki einsamall á ferð. Ennfremur tekur hann eftir fatahrúgu við fætur sínar.

Á þessu var sú skýring, að á meðan pabbi sótti byssuna hafði Palla borið þarna að, skotið selinn og var nú með hann í fanginu á leiðinni upp á þurrt land. Og það sem meira var: Palli vildi alls ekki bleyta fötin sín og hafði farið úr hverri spjör áður en hann synti eftir bráð sinni.

Það er eins og Palla verði aldrei kalt og þarna lét hann sig ekki muna um það að skella sér til sunds í 0° heitum sjó.“

## Með buxurnar á hælunum og byssuna í höndunum

Ólafur Eggertsson í Manheimum á Skarðströnd þekkir vel til Palla og veit um ástríðu hans fyrir veiðunum eins og þessi stutta saga vitnar um: „Við vorum á bátnum úti við Rúfseyjarnar, á milli Miðeyjar og Sudureyjar sem báðar tilheyra Rúfseyjaklasanum, að fá okkur kaffi og meðði,“ segir Ólafur. „Allt í einu heyrst í Palla: „Ég held að ég verði að fara upp á land að leysa buxur. Komdu mér í land á litla bátunum.“ Ég fer ofan í gúmmibátinn og geri mig kláran. „Ég held að ég taki með mér byssuna,“ bætir Palli þá við. Við leggjum upp að Miðey, hann stígur

þar á land og hreiðrar um sig í miðri eyggi. Ég sé út undan mér að hann er kominn á hækjur sér og athöfnin greinilega hafin. Þá flýgur svartbakur þarna yfir. Ég öskra á Palla og segi honum af því. Hann lítur upp, treygir sig í haglabyssuna, skýtur fuglinn og heldur svo áfram skák sinni við páfann eins og ekkert hafi í skorist.“




## Bjargvætturinn

Palli gisti oft hjá Kristni Jónssyni á Skarði og Þórunni Hilmardóttur, konu hans, á ferðum sínum um Dalina. Eitt haustið, þegar hann dvaldi hjá þeim,

komu þangað tveir háttsettir og fínir karlar úr Reykjavík og föluðust eftir því að fá að skjóta gæsir í landi þeirra. Það var auðsött mál, en ekkert varð mönnum ágengt og voru þeir býsna dapprir í bragði þegar þeir komu til baka eftir margra tíma plamp og óteljandi skot sem misstu marks. Og þegar þeir sátu og þáðu veitingar að Skarði að þessu loknu segir Kiddi við Palla: „Lítu nú aðeins hérna út fyrir og athugaðu hvort þú getir ekki bjargað deginum fyrir mennina.“ Palli fór út með það sama og klukkutíma síðar kom hann aftur, skellti tveimur gæsum á eldhúsbordið fyrir framan þá og sagði: „Búinn að bjarga þessu.“

## „Ávöxtunin“

Palli vann eitt sinn í viku fyrir ónefndan bónda á Skarðströndinni og fékk að launum 10.000- krónur. Bóndinn var reyndar ekki með peningana handbæra svo hann hringir í Búnaðarbankann í Búdardal, stofnar þar bankareikning í nafni Palla og lætur milli-færa upphæðina inn á reikninginn. Þar liggur hún óhreyfð í 30 ár, en þá á Palli leið um Búdardal og ákveður að skreppa í bankann, sem þá hét orðið Kaupþing, og taka hana út. Og hvað skyldi hann hafa fengið mikið eftir að hafa geymt peningana öll þessi ár inn á traustum bankareikningi? Jú, 9.600-krónur, 400 krónum minna en nam innlegginn!



Palli í Hlíð á hreindýraveiðum í felulitagallanum sem hann saumaði sjálfur.

VISSIR ÞÚ?

AD JEFFREY „THE DUDE“ LEBOWSKI  
ÞOLDI EKKI EAGLES.

KÍKTU Í KEILU, PÍLU, KAREOKE,  
PIZZU, DRYKK, BOLTA OG FJÖR.

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin  
EGILSHÖLL

# Forystufé

## - snjöll dýr sem dulúð hvílir yfir

Í bókinni Forystufé og fólkið í landinu eftir þá Guðjón Ragnar Jónasson og Daníel Hansen forstöðumann Fræðaseturs um forystufé er fjallað um þessi mögnuðu dýr sem eru sérlega úrræðagóð og búa oft yfir einstöku gáfnafari. Einnig eru sagðar sögur af merkilegum forystukindum, atferli þeirra og afrekum.

Höfundarnir heimsóttu m.a. Gróustaði í Gilsfirði en þar á bæ er mikil áhersla lögð á að rækta forystufé. Meðan þeir drukku kaffi fengu þeir að heyra nokkrar sögur.

### Artemis og Afróðíta

Ein sagan var af hinni svartfleckóttu Artemis og vinkonu hennar Afróðítu sem var mórauð. Þær voru fæddar árið 2005 og voru samrýmdar. Það gerðist vorið 2008, þegar þær voru þriggja vetra, að Artemis bar en Afróðíta ekki og fór út á tún lamblaus og kom sér út af túninu enda kominn í hana hugur, hún vildi til fjalla. Samt var eitthvað sem hindraði fjallaför hennar og hún hélt sig því um tíma í námunda við túngirðinguna. Strax eftir að Artemis

var sett út með lömbin sín stakk hún sér í gegnum þrjár girðingar og sameinuðust vinkonurnar fyrir utan tún og héldu saman til fjalla. Heimilisfólkið hafði hent gaman að því að sennilega væri Afróðíta að bíða eftir Artemis. Þetta hugboð reyndist rétt og ekki laust við að eitthvert guðdómlegt afl byggi í þessum kindum sem nefndar voru eftir grískum gyðjum, dætrum sjálfs Seifs.

### Sparikindur

Þegar fram liðu stundir urðu þær stölluð algjörar gyðjur í fjárhópnum og voru í miklu uppáhaldi. Á Gróustöðum eru örfáar kindur sem fá að lifa fram yfir tíu vetra aldurinn og verða sparikindur sem ekki eru látnar bera og fá því áhyggjulaust ævikvöld. Í þeim hópi voru þær Artemis og Afróðíta. Báðar áttu þær samt slysalamb, þá komnar á þrettánda vetur, þannig að áhyggjuleysi ellinnar hentaði þeim kannski ekki alls kostar. Afróðíta bar í september og Artemis eignaðist í mars mjallhvíta gimbur, sem var forystublendingur. Við eftirlátum nú Gullu pennann en hún



Guðlaug Guðmunda Ingibjörg ásamt Rúsínu sem var heimagangur á bænum.

segir mjög skemmtilega frá forystufénu á Gróustöðum. Hér á eftir fylgir lifandi frásögn hennar af afdrifum lambsins hennar Artemisar, sem drapst stuttu eftir að hún bar í mars en lambið varð heimagangur og það um miðjan vetur:

„Við sátum uppi með litla, kollotta, mjallahvíta gimbur sem ég var staðráðin í að halda lifandi. Eg tók að mér að gefa henni pela á um þriggja tíma fresti bókstaflega allan sólarhringinn, hafði hana inni í hundabúri á nóttunni svo það væri minna vesen að vakna og gefa henni, og flutti svo út í fjárhús á morgnana. Úr varð Artemis Rúsínurass, eða Rúsína eins og hún kallast daglega, sem er skritnasti forystubastarður sem við höfum átt. Hún var orðin alltof gömul til að venja undir þegar sauðburður byrjaði, svo hún ólst meira upp með okkur og hundunum í maí. Veturinn eftir þetta fór hún í göngutúra með mér eins og hundur. Hún lifir enn, er bráðgáfuð en hræðilega frek og stekkur yfir grindur. Afróðíta lifði þó a.m.k. annan vetur og það var sárt að fylgjast með henni án þess að hafa Artemis með sér. Hún og Skessa, sem var þá næstelsta forystuærin á bænum á eftir Afróðítu, urðu í framhaldinu ágætis vinkonur, en alls ekki jafn nánar.“

### Heygðar með viðhöfn


Eins og sjá má hér að framan eru forystukindurnar hluti af stórfjölskyldunni á Gróustöðum. Gaman er frá því að segja að tvær forystukindur frá Gróustöðum hafa fengið virðulega greiftrun. Bergsveinn heygði tvær þeirra, en önnur þeirra var fyrrnefnd Prinsessa sem var síðasta kindin sem fengin var forðum frá Halldóri í Gilsfjarðarmúla. Hún var heygð með viðhöfn í túngarðinum við Gilsfjarðarmúla, þaðan sér hún vel heim. Önnur forystukind var heygð með viðhöfn í fjörunni á nágrennajarðinni Gilsfjarðarbrekku,

það var hún Skessa sem var oft kölluð Drekkinn í daglegu tali. Hún var stór og mikil eins og margar forystukindanna frá Gróustöðum. Hún stóð

munu eflaust álykta sem svo að hér hafi búið skessa á vorum tímum.

### Með hundrað kinda hóp

Þrátt fyrir að sögurnar af forystufénu á Gróustöðum hafi yfir sér þann blæ að forystukindurnar séu fyrst og síðast skemmtilegar og hálfgerð gæludýr, þá koma þær í góðar þarfir þegar reka þarf fé, þær fara vel á undan og leiða jafnan hópinn í örugga höfn. Bergsveinn sagði okkur sögu frá vonda veðrinu sem gekk yfir landið þann 11. september 2012 og hefur oft verið kennt við Þeistareyki. Morguninn eftir að illviðrið gekk yfir var Bergsveinn á leið til vinnu sinnar og þegar hann keyrir upp á veg mætir hann hundrað kindum í hóp á leiðinni heim. Hann skynjaði sterkt að forystukindin sem fór fyrir horfði hvasst á hann og Bergsveinn upplifði sterkt í augnaráðinu að hún væri að ásaka hann fyrir að hafa ekki skilið hliðið inn á tún eftir opið áður en veðrið skall á. Ekki tapaðist fé frá þeim á Gróustöðum í þessum mikla hveli, en forystukindurnar leiddu hluta hópsins heim og í öruggt skjól, tryggar og trúar sínum eðliseiginleikum.



stundum með framfætuna á grindinni í fjárhúsunum og teygði sig til að sjá betur yfir eða til að fá athygli. Hún hélt jafnan til í fjörunni á Gilsfjarðarbrekku, en sú jörð er í eigu Bergsveins og fjölskyldu. Yfir haug Skessu setti hann stóreflis stein úr fjörunni sem nú er auðvitað kallaður Skessusteinn. Fornleifafræðingar framtíðarinnar



Artemis og Afróðíta.

## Vistvænar jólaskeytingar

Kirkjugarðarnir leggja áherslu á að jólaskeytingar á leiðum séu alfarið gerðar úr lífrænum efnum.

Eftir áramót er slíkum skreytingum fargað með vistvænum hætti í jarðgerð Kirkjugarðanna.



Sjá nánar á [www.kirkjugardar.is](http://www.kirkjugardar.is)

Starfsfólk  
Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma

Óskum Grafarvogsbúum  
gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári

Félag Sjálfstæðismanna  
í Grafarvogi





# Gullnesti þakkar viðskiptin á árinu



## Óskum Grafarvogsbúum gleðilegra

## jóla og farsældar á nýju ári



Grillið í Grafarvogi - Gyflaflöt 1 - Sími: 567-7974



## Gjafakort Landsbankans

Með gjafakortinu er ekkert mál að velja réttu jólagjöfna. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggetur velur gjöfna. Þú færð gjafakort í næsta útibúi eða á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is).



*Breski herinn handtók Karl Hirst, afa Elínar Hirst, í upphafi hernámsins fyrir það eitt að vera Þjóðverji og fluttu í fangabúðir á eyjunni Mön. Næstu ár voru öll samskipti hjónanna ritskoðuð og amma Elínar, Þóra Marta Stefánsdóttir, sem var kraftmikil og hugmyndarík kona, þurfti ein að sjá fyrir fjölskyldunni. Að stríði loknu tók við önnur barátta – að heimilisfaðirinn fengi að snúa aftur heim til eiginkonu sinnar og barna. Þegar Þjóðverjarnir komu loks aftur til Íslands voru þeir niðurbrotinir, ekkert var eins og áður; sum hjónaböndin höldu ekki álagið og það slitnaði upp úr tengslum feðranna við sum börnin.*

um handtöku afa, stríðsárin, fangabúðirnar og baráttuna fyrir heimkomu hans. Því má segja að þessir atburðir hafi orðið hluti af „erfðamengi“ fjölskyldunnar.

#### Atburðir sem aldrei gleymast

Reykjavík, 5. júlí 1940

Það var föstudagsmorgunn. Úti var sól og blíða og dagurinn virtist ætla að verða einn af þessum fallegu sumardögum í Reykjavík. Atta vikur voru liðnar frá hernámi Breta á Íslandi. Síðustu vikur höfðu verið mjög erfiðar á Undralandi því að húsbóndinn var þýskur ríkisborgari og átti yfir höfði sér handtöku, en Bretar höfðu handtekið fjölda Þjóðverja sem bjuggu hér á landi og í því ástandi sem ríkti grunuðu þeir alla Þjóðverja um græsku.

Afi var farinn til vinnu en amma og synir þeirra tveir, tæplega tveggja og fimm ára, vildu lúra aðeins lengur. Amma sagði þeim sögur, eins og svo oft, en hún var afar góður sögumaður, kunnir ógrynni af sögum um tröll, drauga, galdramenn, álfar og huldufólk og drengirnir höfðu afar gaman af að hlusta. Þýska ævintýrið Bláskjár um vondu ræningjana sem héldu litlum dreng í gíslingu um árabíl var ein af uppáhaldssögum þeirra.

Aratugum síðar sagði amma okkur barnabörnunum þessar sömu sögur uppi í sama hjónarúmi. Eg sé því atburðarásina sem átti eftir að setja mark sitt á líf þeirra allra ljóslifandi fyrir mér.

Skyndilega heyrðu þau fyrirgang og hávaða á neðri hæðinni.



Breskir hermenn á hafnarbakkanum í Reykjavík, nýkomnir í land úr herflutningaskipum.

vel, hvernig þeir dirfðust að rjúfa friðhelgi heimilisins með svo freklegum hætti og veifa lífshættulegum vopnum fyrir framan börn. Foringinn heimitaði að fá að vita hvar afi væri en amma svaraði að bragði að hann væri

þessi saga hefst.

Suðurlandsbrautin lá rétt fyrir ofan Undraland og bílar voru farnir að þjóta þar um. Þetta var eins og að búa í senn í sveit og í bæ.

Næsta býli við Undraland hét

# Afi minn stríðsfanginn

## Reykjavík í júlí árið 2023

Mig hefur lengi langað til að fræðast betur um það hvers vegna Karl Heinrich Hirst föðurafi minn, sem var mér afar kær, var handtekinn eftir hernám Breta á Íslandi árið 1940, grunaður um njósnir fyrir nasista. Í fimm ár var hann stríðsfangi í Bretlandi og að stríðinu loknu neitustu íslensk yfirvöld honum um landvistarleyfi þó að hann ætti íslenska eiginkonu, tvo unga syni og heimili í Reykjavík. Við tók tveggja ára „nauðungarvist“ í Þýskalandi þannig að fjölskyldan var aðskilin í sjó ár.

Eg lét loks verða af því að biðja Þjóðskjalasafn Íslands um afrit af skjölum sem vörðuðu afa minn frá því á stríðsárunum. Það varð kveikjan að þessari bók.

Eg var mjög nán föðurafa mínum og ömmu á Undralandi í Reykjavík og þau gegndu stóru hlutverki í lífi mínu og okkar barnabarnanna fjögurra. Í uppvestinum heyrðum við oft talað

Síðan hlupu einhverjir upp stigann að íbúðinni eins og mikið lægi við, opnuðu íbúðina sem var ólæst, komu fyrst inn í borðstofuna og þaðan inn í herbergi afa og ömmu. Þetta voru þrír breskir hermenn vopnaðir rifflum með byssustingjum sem þeir beindu að ömmu, pabba og litla bróður hans af stuttu færi. Amma hrópaði upp af skelfingu og drengjunum var illa brugðið og fóru báðir að gráta. Hermennirnir spurðu skipandi röddu hvort Þjóðverjinn Karl Hirst byggi hér. Þeir yrðu að tala við hann undireins!


Ömmu var ekki fisjað saman og hún var fljót að ná valdi á aðstæðunum. Hún reyndi að róa drengina, vatt sér fram úr rúminu á náttkjólnum og skipaði hermönnum að koma sér samstundis út úr svefnherberginu. Þeim brá við og hlýddu strax.

Þegar fram var komið spurði amma hver væri foringinn og tók hann á eintal. Pabbi heyrði að hún spurði hátt og reiðilega á ensku, sem hún talaði mjög

farinn í vinnuna. Þá spurðu þeir hvar afi ynni og amma svaraði því. Meðan á þessu stóð upplifðu þau mikla hræðslu, hrylling og vanmátt sem átti eftir að setja mark sitt á fjölskylduna alla tíð. Enn ber á martröðum þar sem þessir atburðir endurtaka sig með þeirri skelfingu sem þeim fylgdi þó að liðin séu meira en 80 ár.

#### Sveitabær í borg

Föðurafi minn, Karl Hirst, og föðuramma, Þóra Marta Stefánsdóttir Hirst, bjuggu í hálfgerðri sveit austarlega í Reykjavík, í húsi sem hét Undraland og var við Þvottalaugaveg. A löðinni stendur nú Listhúsið við Engjateig, beint á móti hótelinu Hilton Nordica. Á þessum árum leit Reykjavík allt öðruvísi út en á okkar tímum. Austurhluti bæjarins, þar sem þau bjuggu, var nánast ein sveit og flestir stunduðu þar einhvern búskap. Gömlu þvottalaugarnar voru í næsta nágrenni og konur voru enn að þvo þvott þar við erfiðar aðstæður þegar



Afi og amma með pabba nokkurra mánaða gamlan.

Brúnstaðir og var myndarabú. Þar bjuggu hjónin Ingimundur Gíslason og Guðrún Þorsteinsdóttir og fjölskylda. Þegar ég var að alast upp voru hjónin á Brúnstöðum enn með búskap og heyjuðu á túninu þar sem Bandaríska sendiráðið og fleiri hús standa nú við Engjateig.

Á Brúnstöðum var meðal annars hænsnabú. Eitt sinn var verið að moka skítum út úr hænsnahúsinu þar þegar ég var hjá ömmu og afa og ætlaði að vera hjá þeim yfir nótt. En lyktin af gamla hænsnaskítum varð mér um megn svo ég hringdi í mömmu og bað

hana að sækja mig. Eg var ekki meiri búkona en þetta.

Undraland var rífið seint á níunda áratugnum. Mér finnst alltaf jafn skrýtið að aka Suðurlandsbrautina og sjá ekki lengur hús ömmu og afa. Nú er þar ekkert sem minnir á sveit annað en tvær ryðgaðar heyyvinnuvélar fyrir aftan Listhúsið sem ég rakst á fyrir tilviljun þegar ég fór á gamlar fjölskylduslóðir nýlega. Þessar gömlu vélar tilheyrðu örugglega bæjunum sem stóðu þarna áður fyrr og minna á að þar var stundaður búskapur fyrir ekki svo löngu.



Við systur, Elín og Þóra Hirst, í „heyskap“ á Undralandi um 1970. Suðurlandsbrautin lá beint fyrir ofan garðinn hjá ömmu og afa.



# Björn Pálsson - Fyrsti sjúkraflugmaðurinn

Út er komin hjá Bókautgáfunni Hólum stórmerk bók um fyrsta sjúkraflugmanninn á Íslandi, Björn Pálsson. Jóhannes Tómasson skráði.

Björn Pálsson var frumkvöðull í sjúkraflugi á Íslandi. Hann vann marga hetjudáðina og var kallaður „bjargvættur landsbyggðarinnar“ en hann var oft eina lífsvon sjúkra og slasaðra úti á landi. Hann fór í loftið þótt veðurútlitið væri allt annað en gott til flugs, svo ekki sé nú minnst á lendingarstaðina sem sumir voru varla meira en „lófastærð“. Þetta er vægast sagt einstök lesning um einstakan mann og ekki seinna vænna að halda minningu hans á lofti, en Björn lést í flugslysi fyrir 50 árum og var þá ekki sjálfur við stýrið.

## Heypokarnir komu sér vel

Að vetrarlagi var Björn Pálsson beðinn að sækja fullorðinn mann austur á Bakkafjörð. Á leiðinni þaðan var óskað eftir því að hann færi til Fáskrúðsfjarðar að sækja veika konu. Þegar þangað var komið var „vandinn að koma fyrir öðrum sjúklingi í þessari litlu vél,“ sagði Björn síðar. „Nú var komið með heypoka, hvern á fætur öðrum, og þeim hlaðið upp þangað til sjúklingarnir voru eiginlega komnir í axlarhæð á mér í vélinni, til þess að geta legið heldur frjalsari afturi. Og til Reykjavíkur komumst við.“

## Tveir farþegar í flugtaki – þrír í lendingu

Mánudaginn 11. september 1961 fæddist stúlkubarn á Íslandi sem er ekki endilega í frásögur færandi nema fyrir það að móðirin var í flugvél á leið á fæðingarveildina í Reykjavík þegar stúlkan kom í heiminn. Stúlkunni lá sem sagt á Birni Pálssyni hafði þennan dag borist ósk frá Þorgeiri Jónssyni, lækni á

Þingeyri, um að hann sækti þangað konu í barnsnauð og flytti til Reykjavíkur. Læknirinn taldi vandamál með fylgjuna og rétt að hún kæmist til sérfræðinga til að fæða. Hann álti þó ekki líklegt að konan fæddi barnið á leiðinni og ákvað að fara ekki með.

Kristín Gunnarsdóttir og Guðmundur Sören Magnússon bjuggu á Brekku í Dýrafirði og áttu þau fyrir átta börn. Uppkomin börn þeirra urðu ellefu en eitt fæddist andvana. „Læknirinn taldi ein-hverja fyrirstöðu svo hann vildi að ég yrði flutt suður,“ segir Kristín í samtali við skrásetjara. „Við bjuggum á bænum Brekku í Dýrafirði, ekki langt frá Þingeyri, og ég var flutt með vörubíl á sjúkraskýlið. Þar ákvað læknirinn að ég skyldi flutt

suður og Björn Pálsson kom á sjúkraflugvél sinni.“

Í frétt Morgunblaðsins 14. september segir að stærri flugvél Björns, og er átt við Twin Bonanza-flugvélin TF-VOR, hafi verið að koma úr ársskoðun og farið beint í sjúkraflugið eftir reynsluflug. „Ég snaraðist niður á völinn á Þingeyri um fimmleytið og var þá strax komið með konuna,“ er haft eftir Birni í fréttinni. Kristín segir að flugferðin hafi gengið vel en eftir þó nokkurt flug hafi þeim orðið ljóst að hún væri komin með fæðingarhríðir og Björn verið sannfærður um að barnið væri að fæðast. „Maðurinn minn tók á móti stúlkunni þarna í vélinni og það gekk þannig séð eðlilega fyrir sig. Við lentum svo í Reykjavík nokkru síðar. Maðurinn minn hafði



Björn Pálsson dælir eldsneyti á flugvél.



áður tekið á móti börnum okkar og var þetta í fjórða skiptið, við bjuggum afskekkt og ekki alltaf hægt að komast á spítala.“

Þegar stúlkan var fædd tilkynnti Björn flugturni í Reykjavík að farþegar væru nú einum fleiri um borð í vélinni og segir svo í frétt Morgunblaðsins: „Þeir svöruðu um hæl og sögðust óska viðkomandi til hamingju. Ég bað flugturninn um að hringja í fæðingarveildina og fá sjúkrabíl, lækni og ljósmóður út á völl. Síðan var gefið heldur betur benzín á leiðinni, og lent í Reykjavík rétt um klukkan sex. Á vellinum beið sjúkrabíll, lækni og ljósmóðir og eftir nokkrar mínútur voru móðir og dóttir komnar á fæðingarveildina og öllum heilsaðist vel,“ er haft eftir Birni. Í frétt í Vísi 13. september segir að læknir og hjúkrunarkona hafi verið á flugvellinum þegar Björn lenti. Hafi þau þegar farið inn í flugvélinu og veitt konunni fæðingarahjál. „Að lítilli stundu liðinni, var konan tekin í sjúkrakörfu út úr flugvélinni, en komið var með reifabarnið á undan.“

## Þekkti svæðið á augabragði

Skúli Jón Sigurðarson, sem starfaði lengi hjá Flugmálastjórn, sagði skrásetjara eftirfarandi sögu um glöggskyggni Björns Pálssonar þegar þeir flugu eitt sinn til Vestfjarða.

„Mig minnir að það hafi verið sumarið 1970 að lítilli flugvél hlekkist á í lendingu á Arngerðareyri við Ísafjörð inn af Ísafjarðardjúpi. Engin slys eða meiðslu urðu á mönnum en Flugmálastjórn sendi mig vestur til þess að skoða málið nánar. Það var úr að Björn Pálsson flygi með mig og við vorum aðeins tveir og fórum á Twin Bonanza-flugvél hans, TF-VOR.

Veður var bjart og fallet. Í Reykjavík var léttskýjað, yfir Vesturlandi var létt skýjabreiða yfir norðanverðum Mýrunum, yfir Dölunum og inn á Holtavörðuhéiðina en léttskýjað var á Vestfjörðum. Björn tók stefnuna beint í norður og falletur Borgarfjörðurinn brosti við sólinni. Síðan var flogið yfir samfellda skýjabreiðuna og Dalirnir huldust skýjum, hvergi sást til jarðar. Bjart var fram undan og Vestfjarðafjöllin, böðuð sól, voru handan hennar. Einhvers staðar yfir Dölunum var allt í einu smáglompa í skýjabreiðunni þar sem sást til jarðar. Þetta var greinilega fjallshlíð og nokkrir gli-trandi lækir féllu niður hana. Þessi jarðsýn hvarf á augabragði, skýjabreiðan huldi aftur allt landið þarna.

Þá sagði Björn: „Þetta var sérstakt, þessir lækir koma ekki í fjallshlíðina þarna fyrr en eftir miklar rigningar!“

Þannig þekkti hann svæðið á augabragði.“

Fjöldi mynda prýðir bókina, sem er fánleg í bókabúðum og eins hjá útgefanda í netfanginu: [holar@holabok.is](mailto:holar@holabok.is)

# NÝTUM ORKUNA TIL AÐ FLOKKA

Umbúðagámar fyrir pappa- og plastumbúðir  
hjá **Orkunni 22. - 29. desember.**

-  Gylfaflöt, Reykjavík
-  Kleppsvegi, Reykjavík
-  Austurströnd, Seltjarnarnesi
-  Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði
-  Skagabraut, Akranesi



## Blikklausnir semja við Fjölni

Nú á dögnum gerðu Fjölnir og Blikklausnir með sér samstarfssamning. Blikklausnir verða á búningum meistaraflokka handknattleiksdeildar Fjölnis.

Við þökkum Blikklausnum kærlega fyrir stuðninginn og hlökkum mikið til samstarfsins á komandi árum.

Á myndinni eru Sverrir Jóhann og Gauti Fannar, eigendur Blikklausna ásamt Hildi Scheving markaðsstjóra Fjölnis.

## Vertu með í hokkiskólanum

Fjölnir býður upp á hokkiskóla fyrir 3 – 12 ára. Undirstaða æfinga í hokkiskólanum eru leikir og skemmtun til að halda iðkendum áhugasömum við efnið og að vera sem mest á hreyfingu. Notast er við kennslufræði Alþjóðaíshokksambandsins Learn to Play (LTP). „Helstu markmið IIHF Learn to Play Program er til að veita stelpum og strákuðum fullkomna íshokkíupplifun. Íshokki á þessu getustigi á að vera byggt á því að hafa gaman, hafa æfingar sem allir taka þátt í og til að byggja upp góðan grunn í íshokki.“ Þegar iðkandi hefur öðlast færni/getu til að taka þátt í almennum æfingum með sínum aldursþópi verður hann fluttur í viðeigandi hóp.

Engin krafa er gerð um að hafa reynslu af skautum og hægt er að fá allan búnað lánaðan! Við mælum með að byrjendur sem þurfa að fá lánaðan búnað mæti 30-40 mínútum fyrir fyrstu æfinguna sína.

Foreldrum er velkomið að fylgjast með æfingum barna sinna í skautaskólanum.

Ef einhverjar spurningar vakna ekki hika við að hafa samband við íshokkídeildina í gegnum hokki@fjolnir.is

Það er frítt að prófa í 1-2 skipti og hægt er að skrá sig hvenær sem er yfir önnur!



Framtíðar hokkisleikarar í Fjölni.

## Mikið stuð á Fjölnismótinu í körfubolta

Fjölnismótið fór fram yfir helgina 11.-12. nóvember síðastliðna. Yfir 700 krakkar á aldrinum 6-10 ára tóku þátt á mótnu sem er alveg frábær þátttaka! Aðalmál helgarinnar var auðvitað að keppa í körfubolta en að því undanskildu var mikið dagskrá í boði fyrir þátttakendur og fjölskyldur þeirra. Krakkarnir skemmtu sér vel í sundi, bíó og á skautum. Fjölmennasta skemmtikvöld sem hefur verið á mótnu frá upphafi var haldið á laugardeginum en þar komu fram trúðurinn Wally, Klói Kókómjólkurkisi og Tígri lúkkudýr Fjölnis sem dreifðu ís frá Kjörís og kókómjólki til krakkanna. Á skemmtikvöldinu voru leikmenn meistaraflokks karla með troðslukeppni þar sem Lewis leikmaður meistaraflokks vann hjörtu allra krakka á mótnu. Allir krakkar fóru heim með bros á vör og gjafir eftir flotta helgi. Selfoss hreppi Fjölnismótsbikarinn sem er nýjung á mótnu fyrir 10 ára krakkana. Fjölmargir sjálfboðaliðar hjálpuðu til á mótnu en þetta væri aldrei hægt nema með þessu frábæra fólki sem við eigum innan klúbbsins.



Og leikmenn framtíðarinnar í körfunni hjá Fjölni.



Frá vinstri-Lena Rut, Berglind Inga, Suri Han, Elín Katla, Elisabeth Rós, Júlía Sýlvía og Elva Ísey.

# Íslands- og Íslandsmeistaramót ÍSS á Akureyri 24. - 26. nóvember

Síðustu helgi fór fram Íslands- og Íslandsmeistaramót ÍSS á Akureyri og að sjálfsgöðu voru keppendur frá Fjölni á staðnum. Í þetta skiptið voru 10 keppendur sem kepptu fyrir hönd félagsins. Elisabeth Rós tók þátt í Chicks flokknum og Suri Han í Cubs flokki. Í Basic Novice voru það Arna Dís, Ermenga Sunna og Sóley Björt sem fóru fyrir Fjölnis hönd. Ísabella Jóna og Tanja Rut tóku þátt í Intermediate Women flokki. Advanced Novice keppendur voru Berglind Inga, Elva Ísey og Elín Katla. Lena Rut tók þátt í Junior Women flokki og Júlía Sýlvía var í Senior Women flokknum.

Á laugardeginum voru Basic Novice, Intermediate Women sem kláruðu sína keppni. Í Basic Novice lenti Ermenga Sunna í 2. sæti og Arna Dís náði 1. sætinu. Í Intermediate Women náði Tanja Rut 2. sætinu. Allir keppendur í Basic Novice bættu sig frá haustmótnu sem var haldið í september.

Iðkendir Fjölnis í Cubs og Chicks tóku sinn keppnisdag á sunnudeginum og stóðu þær sig með mikilli þryði. Advanced Novice, Junior Women og Senior Women tóku stutta prógrammið sitt á laugardeginum og var árangurinn þar flottur. Eftir að Chicks og Cubs höfðu klárað á sunnudeginum tók við frjálsa prógrammið hjá Advanced Novice, Junior Women og Senior Women.

Eftir frjálsu prógrömminn var komin heildarmynd hjá þessum flokkum. Í Advanced Novice endaði Berglind Inga í 3. sæti og Elín Katla tók 2. sætið. Elín Katla, Berglind og Elva Ísey bættu sig frá því á haustmótnu í september.

Eftir fyrri daginn var Lena Rut í fyrsta sæti í Junior Women flokknum og eftir frjálsa prógrammið þá hélt hún 1. sætinu örugglega og bætti árangur sinn í heildarstigum frá haustmótnu sem var haldið í september. Með þessu varð Lena því Íslandsmeistari í Junior flokki árið 2023!

Júlía Sýlvía lokaði sunnudeginum með því að taka frjálsa prógrammið í Senior Women. Hún stóð sig mjög vel og bætti sig í heildarstigum frá haustmótnu frá því í september. Júlía Sýlvía endaði sem Íslandsmeistari í Senior Women flokki árið 2023!

Við óskum öllum keppendum til hamingju með árangur sinn þessa helgi og fylgjumst spennit með næstu skrefum!



Frá vinstri: Ermenga Sunna, Tanja Rut, Arna Dís og Sóley Björt.



Elín Katla til vinstri og Berglind Inga til hægri.

Frjálsar íþróttir í Fjölni:

# 60 krakkar á silfurleikum

## - frjálsíþróttaveisla í Laugardalnum

Silfurleikar ÍR voru haldnir þann 18.nóvember síðastliðinn, silfurverðlaunahafanum Vilhjálmi Einarssyni til heiðurs, og lögðu um það bil 60 iðkendur Fjölnis leið sína í

Laugardalshöll til þess að leika listir sínar fyrir framan fjölda áhorfenda. Keppendur Fjölnis voru á aldrinum 6-17 ára og vöktu athygli fyrir glæsilega takta á vellinum en flestir sem á hor-



Glæsilegir iðkendur í Fjölni en áhugi á frjálsum íþróttum er mikill í félaginu.



Flottur hópur krakka í Fjölni sem tók þátt í Silfurleikum í Laugardal.

fðu voru sammála um að eljusemi og leikgleði einkenndi iðkendur Fjölnis.

Yngstu krakkarnir ljúka skemmtilegri haustönn með jólamóti nú í desember en þau eldri eru rétt að byrja og stendur frjálsíþróttadeildin fyrir áramóti Fjölnis þann 28.desember sem markar upphaf innanhússkeppnistímabilsins. Á áramóti Fjölnis má

reikna með því að besta frjálsíþróttafólk landsins mæti til leiks og sýnir sínar bestu hliðar. Á meðal keppenda verður Fjölnismaðurinn Grétar Björn en hann sló Íslandsmet í stangarstökki utanhús í flokki 16-17 ára pilta í sumar. Hann mun reyna við Íslandsmetið innanhúss í flokki 16-17 ára en það hefur staðið í 28 ár. Grétar á 4,24m en Íslandsmetið er 4,31m og


vantar því ekki mikið upp á og verður spennandi að sjá hvort það takist. Liðið er ansi sterkt í ár og má búast við að sjá góðan árangur frá keppendum Fjölnis í vetur.

Meistaraflokkurinn hefur lagt mikið á sig í haust til þess að halda merki Fjölnis á lofti eins og þeim einum er lagið.

Við óskum Grafarvogsbúum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

Við hlökkum til að taka á móti ykkur í glæsilegu húsnæði heilsugæslunnar í Spönginni með hækkandi sól!

Starfsfólk Heilsugæslunnar Grafarvogi



Kæri söfnuður!

Tími ljóssins er runninn upp. Við kveikjum á kertum og njótum þess að snjórinn lýsi upp bæi, borgir og sveitir þessa lands. Við eigum fjölda orða yfir einmitt snjó og talandi um ljós, þá var orðið „ljósmóðir“ kosid fallegasta orð íslenskrar tungu fyrir áratug síðan. Ljósmóðir – kona sem hjálpar barninu út í ljósið.

Ég hafði sent inn orðið „hvítvoðungur“ sem lengi hefur verið í uppáhaldi hjá mér, orðið yfir barnið sem vafið er í tandurhreina voð. Þegar Amtsbókasafnið spurði hvert væri fallegasta orð íslenskunnar 16. nóvember sl. komst „væðarvoð“ á blað, „hnúkaþeyr“ og „kærleikur“.

Orðið „ást“ lendir aldrei á neinum vinsældalistum þrátt fyrir að lýsa þessari djúpu og sterku tilfinningu. Franiskan á sitt hljómfagra „amour“ og enskan sitt mjúka „love“ en sitjum við uppi með orð sem minnir á „ost“. Í Brekkukotsannál Halldórs Laxness getur að líta vangaveltur einmitt um þetta vandráðaorð: „Orðið ást heyrðist heldur aldrei hjá okkur, nema ef druknir menn eða ákaflega heimskar gríðkonur úr sveit fóru að hafa yfir kvæði eftir nútímaskáld; en slík kvæði voru reyndar að öðru leyti þannig í orðalagi að okkur fór kalt vatn milli skinns og hörunds að heyrja þau, og afi minn settist á lúkurnar, stundum útá garði, og fékk snerkjur í andlitíð og ók sér í herðum og hreif um sig einsog hann var kominn með lús, og sagði: „ajæa“ og „ðekkf“.

Sífelld bætast ný orð við tungumálið og þeim fylgir merking,



Börnin voru í stóru hlutverki á adventukvöldinu í Grafarvogskirkju á fyrsta sunnudegi í adventu. Og verðandi fermingarbörn komu einnig fram og stóðu sig vel eins og þeirra var von og vísa.

# Hvert barn sem fæðist í þennan heim er ljós

- hugvekja Gerðar Kristnýjar Guðjónsdóttur, skálds og rithöfundar á adventukvöldi í Grafarvogi

tilfinning og þekking sem skyndilega er þörf á. Eitt þessara nýju orða er „sjálfsmildi“. Í landi þar sem vinnusemi er æðst dyggða og orðið „vinnuharka“ finnst meira að segja er svo sannarlega kominn tími á „sjálfsmildi“. Orðið nær yfir kærleika og skilning í eigin garð. Horfumst í augu við mistök okkar en höldum svo áfram veginn án sjálfsásakana og óbilgirmi sem aðeins valda vanlíðan.

Stundirnar sem við eigum annað hvort ein með sjálfum okkur eða þeim sem okkur þykir vænst um eru mikilvægari en okkur grunar. Það er hvíld í því að lesa, þrjúna, fara í gönguferð, elda mat, taka í spil eða gera einfaldlega bara ekki neitt.

Sænski rithöfundurinn Astrid Lindgren bar mikið lof á leikinn. „Ég vildi óska að börn léku sér meira en þau gera,“ var haft eftir henni. „Því þau sem leika sér í æsku öðlast ríkidæmi sem hægt er að njóta ævina á enda. Maður býr til hlýjan og notalegan heim innra með sér. Heim sem fyllir mann krafti í móþbyr. Stað sem maður getur flúið til þegar sorg og erfiðleikar

steðja að.“

Hvíld er líka líkamsrækt, segi ég stundum við son minn sem eitt sinn var ofursmár hvítvoðungur. Hann stendur á tímamótum því bráðum lýkur hann stúdentsprófi. Á vegi hans hefur blessunarlega orðið gott fólk sem gaukað hefur að honum ráðum sem nýst hafa honum vel og eiga eftir að gera það áfram. Mér heyrst hann líka búa yfir skynsemi til að greina það frá sem aðeins verður honum til trafala. Maður veit aldrei hvaðan gott kemur.

Þegar ég útskrifaðist úr menntaskóla beið mín mikil óvissa. Og hvað gerðum við vinkonurnar? Jú, við höndum í fremstu spákonu landsins sem mætti gallhörd inn í herbergið mitt í Háaleitishverfinu og bauð okkur á sinn fund hverri á fætur annarri. Þarna var ekki komið að tónum kofunum og sagði hún okkur eitt og annað úr fortíðinni sem hún las úr spilum og lófa. Krúsidúllurnar sem ég hafði tamið mér að skreyta með rithönd mína gaf dýpri innsýn í sálarlíf mitt en ég hafði áttað mig á. Mér

var svolítið órótt. Ég ætlaði út í heim en hafði áhyggjur af þeim sem eftir sátu. Loks tók ég til bragðs að trúa þessari ókunnugu konu fyrir áhyggjum mínum. Þá sagði hún nokkuð sem ég hafði aldrei heyrt áður: „Hugsaðu bara um sjálfa þig.“

Ég hafði alist upp við að það væri á pari við að benda á skip eða drepa járnsmið að hugsa bara um sjálfa mig. Eftir því sem árin líða kemst ég æ betur að því hvað þetta er mikið heilræði. Sú sem gætir að eigin líðan er þess megnug að annast aðra. Spákonan var samt í raun að hvetja mig til að velta mér ekki upp úr því sem ég, 19 ára stúlkan, hafði hvort sem er enga stjórn á. Í því felst líka sjálfsmildi.

Og vegna þess að ég minnst á son minn áðan langar mig til að segja ykkur að þegar hann var 13 ára réðust jafnaldrar hans á hann svo sá á honum. Þetta kom okkur foreldrunum á óvart, enda héldum við að nú yxi upp kynslóð vafin inn í bómul Ölveusaráætlunarinnar þar sem fjölbreytileikanum er fagnað frá morgni til kvölds. Þegar öldur lægði gafst

loks tími til að ræða atburðinn við drenginn. Þar sem ég hafði ort talsvert af ljóðum til að fjármagna karateiðkun hans spurði ég hann hvort hann gæti ekki varið sig ef að honum er vegið. Auðvitað hefði þá getað farið enn verr. Hinir voru jú fleiri en ég spurði nú samt. Sonur minn horfði fast í augun á mér og svaraði: „Nei, ég er bara eins og Einar Áskell. Ég er

sterkur en ég flýgst ekki á.“ Þar vitnaði hann í mikla gæðabók eftir Svíann Gunillu Bergström.

Drengurinn hafði fundið sér verðuga fyrirmynd. Allt hlyti að fara vel. Bara ef heimurinn væri byggður fólki eins og honum Einari Áskeli, sterku fólki sem veit af afli sínu en flýgst samt ekki á.



Stúlka úr Grafarvogssókn tendraði fyrsta kerti adventunnar, Spádómakertið og til aðstoðar var sóknarpresturinn, sr. Guðrún Karls Helgudóttir.



Spönginni 13  
112 Reykjavík



Við viljum vaka yfir börnunum hverja stund, seilast jafnvel inn í símana og vakta allt sem þar fer fram. Ég ímynda mér að auðveldara hafi verið að hafa mótandi áhrif á börn í upphafi 8. áratugarins þegar eiginmaður minn var lítill drengur í Skagafirði. Þá var hann eitt sinn svo heppinn að fá tindáta í jólagjöf. Þegar hann kom fram úr á jólamorgun til að leika sér að þeim hafði svarfdælsk langamma hans klippt byssustingina af rifflum hvers einasta dáta með flugbeitum skærum. Hún hefði klippt vængina af Dísu ljósálfi strax á annarri síðu, hefði hún komist inn í það ævintýri. Ekkert hálfkák á þeim bænum. Gömlu konunni fannst vopnaburður einfaldlega ekki við hæfi, hvorki á jólnum né öðrum árstíma. Og lá henni hver sem vill. Það væri gott ef meðvitaðir uppalendur gætu snarast inn í tölvuleikina og afvopnað þar alla ljóta kalla. Enn betra ef hægt yrði að binda endi á öll heimsins stríð.

Hvert barn sem fæðist í þennan heim er ljós. Starfsheitið „ljósmóðir“ gæti því þýtt kona sem hjálpar ljósinu út í heiminn, ljósinu sem lýsir upp sortann. Í Fyrra Þessalóníkubréfi stendur: „Þið eruð öll börn ljóssins og börn dagsins. Við heyrum ekki nóttunni til eða myrkrinu.“

Nú gránar á gluggum og við berumst inn í dimmasta skot vetrarins. Þá er gott að búa að eldfærum og kertum. Augu okkar beinast að björtum ávöxtum og blikandi serfúum. Kirkjan skryðist hvítu, lit hríms og hreinlyndis. Hugurinn leitar kyrrðar og hvar er hana að finna ef ekki einmitt hér í kirkjunni? Hingað er alltaf ratljóst.

Fá skáld hafa ort jafnfallega um ljósið og stórskáldið Vilborg Dagbjartsdóttir. Mig langar að fara með erindi úr meistaraverki hennar, „Kyndilmessu“.

Blessaðir veri fingurnir smáu hennar mömmu sem tindi fífu í mýrinni  
Blessaðar veri hendurnar gigtar-bólgnu hennar ömmu



Áhuginn skein úr hverju andliti barnanna sem sungu af mikilli innlifun og gleði.

sem sneri kveikinn  
Blessaður veri hann afi minn  
sem smíðaði kolu úr járn  
Blessaðir veri frændur mínir  
sem bræddu lýsið  
Blessað veri fólkíð  
sem þreyði í myrkrinu  
Blessað veri ljósið  
sem logaði á grönnum kveik  
örflúil blaktandi týra  
í heimskautanóttinni.

Að því sögðu, býð ég ykkur gleðilegra jóla og óska ykkur Guðs friðar.

## Grafarvogsblaðið

Ritstjórn/Auglýsingar - Sími 698-2844



# Allir fá þá eitthvað fallegt

Arionbanki.is/gjafakort

**Gjafakort Arion**

# Falleg íbúð á efstu hæð við Gvendargeisla

- til sölu hjá Fasteignamiðlun Grafarvogs Spönginni 11

Fasteignamiðlun Grafarvogs kynir fjögurra herbergja íbúð á þriðju og efstu hæð að Gvendargeisla 8 í Reykjavík. Eignin er samkvæmt fasteignaskrá 117,9 fermetrar auk staðis í lokuðu bílahúsi.

Eignin skiptist í forstofu, eldhús, stofu, borðstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslu. Á jarðhæð er sameiginleg hjólageymsla. Íbúðin er vel skipulögð og gengið er inn í íbúðina af opnum svalagangi. Mikil útsýni er úr íbúðinni. Gluggar eru á fjóra vegu.

Nánari lýsing  
Forstofa er rúmgóð með fataskáp

og flísar eru á gólfi.

Eldhús er rúmgott með góðum innréttingum, harðparket er á gólfi.

Stofa/borðstofa er björt og rúmgóð, útgengt er úr stofu á suðaustursvalir.

Hjónaherbergi er rúmgott með góðum skápum, harðparket er á gólfi.

Barnaherbergin eru björt og rúmgóð með góðum fataskápum, harðparket er á gólfi.

Baðherbergi er flísalagt í hólfi og gólf með baðkari og lítilli innréttingu.

Þvottahús er með góðri innréttingu og flísum á gólfi.

Geymsla er með góðum hillum og flísum á gólfi.

Nýlega er búið að endurnýja gólfefni í íbúðinni.

Stutt er í matvöruverslun, leikskóla og grunnskóla.

Banki og fleiri þjónustufyrirtæki eru innan hverfisins.

Hafið samband við Árna Þorsteinsson löggiltan fasteignasala á arni@fmg.is og í síma 898-3459, Sigrúnu Stellu Einarsdóttur löggiltan fasteignasala á stella@fmg.is og í síma 824-0610 eða Þyri Guðjónsdóttur fasteignasala á thyri@fmg.is eða í síma 891 9867 til að bóka skoðun.



Eldhús er rúmgott með góðum in



Stofa/borðstofa er björt og rúmgóð, útgengt er úr stofu á suðaustursvalir.



Rúmgóðar svalir snúa í suðaustur.



Fasteignin Gvendargeisla 8 er björt og rúmgóð með miklu útsýni.

## GV Ritstjórn og auglýsingar

Sími 698-2844 / 699-1322



Sigrún Stella Einarsdóttir Löggiltur fasteignasali, fyrirtækja- og skipasali s. 8240610



Árni Þorsteinsson rekstrar-hagfræðingur. M.Sc. löggiltur fasteignasali og skipasali s. 786-1414



Ólafur Kristjánsson löggiltur fasteignasali og skipasali s. 898-3459



Þyri Guðjónsdóttir. Hefur lokið námi til löggildingar sem fasteignasali, viðskiptafræðingur B.Sc. Sími: 891-9867



Ingunn Þorsteinsdóttir. Nemi í löggildingunni fasteignasala s. 612-0906

# FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS



Spöngin 11 - 112 Reykjavík  
Sími 575 8585. Opíð 10-17 mán.-föst

## EFTIRSPURN EFTIR GÓÐUM EIGNUM Í GRAFARVOGI



VEGHÚS - 6 HERB. - BÍLSKÚR

171,3 fm 6 herb. endabúð á 3. og 4. hæð auk bílskúrs. Virkilega falleg íbúð með góðum gólfefnum og innréttingum. Mikil útsýni og suðvestur svalir.

Fimm svefnherbergi.

Sími 575 8585



SMÍÐJUVELLIR - AKRANES

Alls 1724,1 fm. þrjú fastanúmer í vönduðu stálgrindarhúsi. Í húsinu starfa í dag sjö fyrirtæki, eigandi eins eignarhluta rekur eigið fyrirtæki í sínum hluta en leigusamningar eru við önnur fyrirtæki í húsinu. Áhugaverður fjárfestingakostur, nánari upplýsingar gefur Árni í síma 898-3459



LÓMASALIR - 2. HERB. - STÆÐI Í LOKADRI BÍLAGEYMSLU

Mjög góð 73,4 fm 2ja herb. íbúð ásamt 9,7 fm geymslu og staði í lokaðri bílageymslu. Fallegt útsýni er úr íbúðinni. Mjög góðar innréttingar og gólfefni. Þvottahús innan íbúðar.



KROSSHAMRAR - PARHÚS

Virkilega fallegt 124,1 fm parhús með bílskúr.

Mjög góðar innréttingar og gólfefni. Stór pallur með heitum potti, tvær aðrar verandir. Þrjú svefnherbergi.




HEIMSENDI - KÓPAVOGUR

277 fm. 20 hesta hús. 10 stýjur fyrir 20 hesta, hlaða, forstofa, kaffistofa, setustofa og snyrting með wc og sturtuklefa. Gott gerði er við húsið og steipt stétt með handriði er meðfram húsinu.

FASTEIGNASALAN Í ÞÍNU HVERFI

www.fmg.is



# Kirkjufréttir

**Mikil dagskrá verður í Grafarvogskirkju um aðventu, jól og áramót!**

**9. desember**

Kl. 18:00 Jólavox – Jólátónleikar Vox Populi Tónleikarnir verða haldnir í kirkjunni. Frábær lagalisti, skemmtilegar útsetningar og húmor.

Stjórnandi kórs er Lára Bryndís Eggertsdóttir.

**16. desember**

Kl. 17:00 Jólin heima – Jólátónleikar Kórs Grafarvogskirkju  
Flutt verða jólategnd lög í anda aðventunnar í kirkjunni.  
Einsöngvarar eru Ari Ólafsson og Sigrún Hjálmtýsdóttir ásamt Vox Populi og Barna- og unglíngakór Grafarvogskirkju í Grafarvogskirkju.  
Stjórnandi Kórs Grafarvogskirkju er Hákon Leifsson.

**17. desember**

Kl. 11:00 Jólball í Grafarvogskirkju  
Dansað verður í kringum jólategnd og jólasveinar koma í heimsókn.

Kl. 13:00 í Kirkjuselinu Óskasálmur jóllanna  
Söngstund með uppáhalds jólasálmunum og tekið verður við óskasálmum.  
Vox Populi leiðir söng.  
Organisti er Lára Bryndís Eggertsdóttir.

**Aðfangadagur 24. desember**

Kl. 11:00  
Beðið eftir jólnum - Jólástund barnanna  
Syngjum saman jólaglag og hlustum á sögu.  
Umsjón hafa Hulda Berglind Tamara og Anna Bibí. Meðleikari er Stefán Birkisson.

Kl. 17:00  
Aftansöngur í Kirkjuselinu í Spöng  
Séra Arna Ýr Sigurðardóttir þjónar.  
Vox Populi leiðir söng.  
Einsöngur Mariana Ósk.  
Organisti er Lára Bryndís Eggertsdóttir.

Kl. 18:00 Aftansöngur í Grafarvogskirkju  
Séra Guðrún Karls Helgudóttir þjónar.  
Kór Grafarvogskirkju og Barna og unglíngakór.  
Grafarvogskirkju leiða söng.  
Einsöngur Sigríður Ósk Kristjánsdóttir.  
Organistar eru Hákon Leifsson og Lára Bryndís Eggertsdóttir

Kl. 23:30 Miðnæturguðsþjónusta í Grafarvogskirkju  
Séra Sigurður Grétar Helgason þjónar.  
Kammerkór Grafarvogskirkju leiðir söng.  
Organisti er Hákon Leifsson.

**Jóladagur 25. desember**

Kl. 14:00 Hátíðarguðsþjónusta.  
Séra Sigurður Grétar Helgason þjónar.  
Kór Grafarvogskirkju leiðir söng.  
Einsöngur Sigríður Ósk Kristjánsdóttir.  
Organisti er Lára Bryndís Eggertsdóttir.

Kl. 15:30 Hátíðarguðsþjónusta.  
Hjúkrunarheimilinu Eir.  
Séra Sigurður Grétar Helgason þjónar. Kór Grafarvogskirkju leiðir söng.  
Einsöngur Sigríður Ósk Kristjánsdóttir.  
Organisti er Lára Bryndís Eggertsdóttir.

**Gamlársdagur 31. desember**

Kl. 18:00 Aftansöngur í Grafarvogskirkju.  
Séra Guðrún Karls Helgudóttir þjónar.  
Kór Grafarvogskirkju leiðir söng.  
Einsöngur Hildigunnur Einarsdóttir.  
Organisti er Hákon Leifsson.

**Nýársdagur 1. janúar**

Kl. 14:00 Hátíðarguðsþjónusta í Grafarvogskirkju.  
Séra Arna Ýr Sigurðardóttir þjónar.  
Kór Grafarvogskirkju leiðir söng.

Einsöngur Gissur Páll Gissurarson.  
Organisti er Lára Bryndís Eggertsdóttir.

**7. janúar**

Kl. 14:00 Frímúrarar  
Frímúrarar annast helgihaldið.

**14. janúar**

Kl. 11:00 Messa í Grafarvogskirkju  
Fermingarbörn og foreldrar úr Vikurskóla og Rimaskóla eru sérstaklega boðin velkomin.  
Sr. Sigurður Grétar þjónar fyrir altari  
Kór Grafarvogskirkjuleiðir söng  
Organisti er Hákon Leifsson  
Kl. 11:00 í Sunnudagaskóli í Grafarvogskirkju  
Mikil tónlist, sögur, leikir og annað skemmtilegt. Umsjón hafa Hulda Berglind Tamara og Anna Bibí. Meðleikari er Stefán Birkisson.  
Kl. 13:00 Vörðumessa í Kirkjuselinu í Spöng  
Sr Sigurður Grétar Helgason þjónar  
Vox Populi leiðir söng  
Organisti Hákon Leifsson

**21. janúar**

Kl. 11:00 Messa í Grafarvogskirkju  
Fermingarbörn og foreldrar úr Foldaskóla eru sérstaklega boðin velkomin.  
Sr. Guðrún Karls Helgudóttir þjónar fyrir altari.  
Kór Grafarvogskirkju leiðir söng.  
Organisti Lára Bryndís Eggertsdóttir  
Kl. 11:00 Sunnudagaskóli í Grafarvogskirkju.  
Mikil tónlist, sögur, leikir og annað skemmtilegt. Umsjón hafa Hulda Berglind Tamara og Anna Bibí. Meðleikari er Stefán Birkisson.  
Kl. 13:00 Vörðumessa í Kirkjuselinu í Spöng.  
Sr Guðrún Karls Helgudóttir þjónar.  
Vox Populi leiðir söng.  
Organisti Hákon Leifsson.

**Helgistundir á þriðjudögum í Kirkjuselinu**

Síðasta helgistundin í Kirkjuselinu fyrir jól verður 19. desember og þær hefjast á ný 9. janúar. Þær eru haldnar á þriðjudögum kl. 10:30 og eru öllum opnar.

**Kyrrðarstundir**

Síðasta kyrrðarstundin fyrir jól verður þriðjudaginn 19. desember og þær hefjast á ný 9 janúar. Kyrrðarstundirnar eru í Grafarvogskirkju á þriðjudögum kl. 12:00. Þær eru opnar öllum og á eftir er boðið upp á léttan hádegisverð á afar vægu verði.  
Tekið er við fyrirbænaefnum í kirkjunni.

**Barna- og unglíngastarfið**

Barna- og æskulýðsstarfið verður í jólafríi frá 18. desember – 8. janúar.  
Mikið starf er í boði fyrir börn og unglíngi í Grafarvogssöfnuði. Þar er æskulýðsstarf og starf fyrir börn á öllum aldri vikulega í allan vetur.  
Nánari upplýsingar um starfið og dagskrár er að finna á heimasíðu kirkjunnar.

6-9 ára starf er á þriðjudögum kl. 17:00-18:00 í Grafarvogskirkju.  
10-12 ára starf er á þriðjudögum kl. 18:15-19:15 í Grafarvogskirkju.

6-9 ára starf er á fimmtudögum kl 17:00-18:00 í Kirkjuselinu.  
10-12 ára starf er á fimmtudögum kl. 18:15-19:15 í Kirkjuselinu.  
Æskulýðsfélagsstarfið er á þriðjudögum kl. 20:00-21:30 í Grafarvogskirkju.  
[www.grafarvogskirkja.is](http://www.grafarvogskirkja.is)

**Opið hús**

Síðasta opna húsið fyrir jól verður 12. desember og það hefist á ný 16. janúar.  
Opna húsið er í kirkjunni á þriðjudögum kl. 13:00-15:00 fyrir eldri borgara og önnur sem eiga lausa stund á daginn. Stundin hefist á fræðslu eða skemmtiefni og samsöng í

kirkjunni. Þá er boðið upp á handavinnu, spil, spjall o.fl. Síðan er kaffi og veitingar í boði á vægu verði.

**Foreldramorgnar**

Sameiginlegir foreldramorgnar og krílasálmur Grafarvogskirkju, Guðríðar- og Arbæjarkirkju eru á þriðjudögum í Guðríðarkirkju kl. 10-12.  
Söngur, tónlistarupplifun, spjall og kaffi.  
Umsjón hafa: Ingunn Björk djákni í Arbæjarkirkju, María Rut prestur í Guðríðarkirkju ásamt öðru starfsfólki safnaðanna.

**Barna- og unglíngakór Grafarvogskirkju**

Kórinn er samstarfsverkefni Tónlistarskólans í Grafarvogi og kirkjunnar og er opinn öllum börnum. Kóræfingar eru aldurskiptar fyrir yngri (1.-3. bekkur) og eldri kór (4.-10. bekkur). Yngri kórmeðlimum býðst að bæta við sig hljóðfærasmíðu sem er liður í forskólanámi Tónlistarskólans í Grafarvogi. Eldri kórinn vinnur að meira krefjandi söngverkefnum og hljóta leiðsögn í söngtækni og fjölradda söng. Kórstjóri er Auður Guðjohnsen. Hljóðfærasmíðu kennir Sævar Helgi Jóhannsson.  
Æfingar eru á þriðjudögum í Grafarvogskirkju:  
**Yngri kór - Forskóli**  
16:30-17:00 Hljóðfærasmíða (flauta og ásláttarhljóðfæri)  
17:00-17:40 Söngur/kór  
**Eldri kór - Sönghópur**  
17:20-18:20 Söngur/kór  
Skráning fer fram á [www.tongraf.is](http://www.tongraf.is). Veljið flípann „Sækja um“. Til að sækja um yngri kór, veljið Forskóli en fyllið inn í viðbótarupplýsingar ef barnið á einungis að sækja kóræfingar án hljóðfærasmíðu. Til að sækja um eldri kór, veljið Sönghópur. Einnig er hægt að hafa samband við kirkjuna og fá frekari upplýsingar.

Körgjald:  
Yngri kór haust og vorönn kr. 60.000,-  
Eldri kór haust og vorönn kr. 60.000,-  
Yngri kór og hljóðfærasmíða haust og vorönn kr. 120.000,-  
Hægt er að nýta frístundastyrk og skipta í allt að sex greiðslur í Sportablar. Systkinaafsláttur er 10%. 25% afsláttur er af körgjaldi ef meðlimir sækja einnig hljóðfæranám við tónlistarskólann.

**Djúpslökun**

Síðasta djúpslökunin fyrir jól verður 14. desember og hefist á ný 16. janúar.  
Djúpslökun er á fimmtudögum kl. 17:00. Tímarnir hefjast á léttum æfingum til að undurbúa líkamann fyrir djúpa og góða slökun með kristilegu ívaði. Tímarnir henta bæði þeim sem eru byrjendur í yoga og lengra komnum.  
Djúpslökunin er gjaldfrjálgs og tímana leiðir Jarþrúður Karlsdóttir yogakennari.  
Þrjónaklúbbur Grafarvogskirkju  
Þrjónaklúbbur er í Grafarvogskirkju annan hvern þriðjudag kl. 20:00.  
Hann er fyrir þá sem langar að hittast og spjalla um og yfir handavinnu.  
Við bjóðum nýja og eldri þátttakendur hjartanlega velkomna og viljum sjá sem allra flesta og einmitt þig! Nánari upplýsingar eru á Facebooksíðu Þrjónaklúbbsins í Grafarvogskirkju.  
Dagsetningar næstu vikna eru: 12. desember, 2. janúar og 16. janúar.



**Kór Grafarvogskirkju og Vox Populi**

Kirkjukórinn æfir á miðvikudögum kl. 19:30 og nánari upplýsingar veitir Hákon Leifsson [hakon@vortex.is](mailto:hakon@vortex.is)  
Vox Populi æfir á miðvikudögum kl. 19:30. Upplýsingar veitir Lára Bryndís Eggertsdóttir [lara@grafarvogskirkja.is](mailto:lara@grafarvogskirkja.is)  
Nýir félagar eru hjartanlega velkomnir!



**Prestar og djákni safnaðarins:**

**Guðrún Karls Helgudóttir sóknarprestur** [guðrun@grafarvogskirkja.is](mailto:guðrun@grafarvogskirkja.is)  
**Arna Ýr Sigurðardóttir prestur** [arna@grafarvogskirkja.is](mailto:arna@grafarvogskirkja.is)  
**Sigurður Grétar Helgason prestur** [sigurdur@grafarvogskirkja.is](mailto:sigurdur@grafarvogskirkja.is)  
**Kristín Kristjánsdóttir djákni** [kristin@grafarvogskirkja.is](mailto:kristin@grafarvogskirkja.is)



Sími: 587 9070  
Netfang: [grafarvogskirkja@grafarvogskirkja.is](mailto:grafarvogskirkja@grafarvogskirkja.is)  
Heimasíða: [www.grafarvogskirkja.is](http://www.grafarvogskirkja.is)  
Likesíða á facebook: Grafarvogskirkja Grafarvogi  
Instagram: [grafarvogskirkja\\_grafarvogi](https://www.instagram.com/grafarvogskirkja_grafarvogi)  
Velkomin í kirkjuna þína!



2023

# Gleðileg jól og farsælt komandi ár!

Við hjá Landsvirkjun þökkum góð samskipti á árinu sem er að líða. Hlökkum til að hittast uppfull af endurnýjaðri orku á nýju ári.